

2. tbl. 33. árgangur mars 2011

Virðing
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ





Forsíðumynd

Friðarsúlan – Viðey

Ljósmynd: María Kristín Steinsson

VR

Húsi verslunarinnar

Kringlunni 7,

103 Reykjavík

Sími 510 1700

vr@vr.is

www.vr.is

Ábyrgðarmaður: Anna Björg

Siggeirsdóttir

Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir

Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir: Eddi

Prentun: Oddi

Upplag: 26.300

Stjórn VR

Kristinn Örn Jóhannesson formaður

Ásta Rut Jónasdóttir varaformaður

Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritari

Bergur Þór Steingrímsson

Birgir Már Guðmundsson

Bjarki Steingrímsson

Guðrún Helga Tómasdóttir

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

Hildur Mósesdóttir

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Jón Magnússon

Óskar Kristjánsson


Ragnar Þór Ingólfsson

Sigurður Sigfússon

Sigríður Stefánsdóttir

Varamenn: Benedikt Vilhjálmsson

og Bjarni Þór Sigurðsson



04



32



34

Efnisyfirlit

- 04 Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR
- 05 Voting in VR
- 06 Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
- 08 Helga Guðrún Jónasdóttir
- 10 Kristinn Örn Jóhannesson
- 12 Lúðvík Lúðvíksson
- 14 Páll Örn Líndal
- 16 Rannveig Sigurðardóttir
- 18 Stefán Einar Stefánsson
- 20 Ásta Rut Jónasdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
- 21 Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
- 22 Bjarki Steingrímsson
Bjarni Þór Sigurðsson
- 23 Eyrún Ingaðóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson
- 24 Gunnar Heiðberg Gestsson
Jónas Pétur Hreinsson
- 25 Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Óskar Kristjánsson
- 26 Pálmey Helga Gísladóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
- 27 Þórir Traustason
- 28 Trúnaðarráð
- 29 Kosningafundur
- 30 20. gr. laga VR
- 32 Fyrirlestrar
- 34 Krossgáta



Krókus

LEIÐARI

Að hugsa sér frið

Forsíðuna prýðir að þessu sinni mynd af friðarsúlunni í Viðey sem lýsir okkur endrum og eins þegar svartasta skammdagið byrgir okkur sýn. Eins og flestum er kunnugt er Yoko Ono höfundur verksins sem er tákni fyrir baráttu Ono og Lennons fyrir heimsfriði. Að sögn listakonunnar má rekja hugmyndina allt til ársins 1967 hefur hún því verið að þróast í fjörutíu ár áður en ráðist var í framkvæmdir. Á stalli súlunnar eru grafin orðin „hugsa sér frið“ eða „imagine peace“ á tuttuguogfjórnum tungumálum og er nafnið vísun í lagið „Imagine“ eftir John Lennon.

Ég hugsa mér frið.

Kosningar eru framundan og það er mikilvægt að hafa hugfast að samvinna, samhugur og traust er forsenda góðra starfa.

Nú eru margir sem sækjast eftir að gegna trúnaðarstörfum fyrir VR. Það ánægjulegt og bendir til að margir hafi trú á félaginu og mikinn áhuga á að leggja sitt á vogarskálarnar til gera gott félag enn betra. Þess vegna er líka nauðsynlegt að kynna sér frambjóðendur og stefnumál þeirra vel og vandlega áður en gengið er til kosninga.

Auk þess kynningarefnis sem sjá má á næstu síðum er umfjöllun um kosningarnar á vefVR, www.vr.is undir heitinu „kosningar 2011“ og fundir með frambjóðendum sem kynntir eru hér annarsstaðar í blaðinu.

Ritstjóri

Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR 2011

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs formanns og stjórnar VR hefst kl. 09:00 miðvikudaginn 16. mars 2011 og lýkur kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn 30. mars 2011. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

Hverjir hafa atkvæðisrétt?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir sem voru fullgildir VR félagar 31. desember 2010. VR félagar sem hafa orðið fullgildir frá þeim tíma eru einnig á kjörskrá. Sama gildir um þá sem greiddu félagsgjald til VR skv. síðustu skilagrein fyrirtækis, sé skilagrein frá því í september 2010 eða nýrri og viðkomandi hafi greitt lágmarksfélagsgjald fyrir árið 2010. Einnig eru á kjörskrá eldri félagsmenn sem greiddu eitthvað félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

Bréf til atkvæðisbærra félagsmanna

Allir kosningabærir félagsmenn fá sent bréf í pósti með upplýsingum um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá vef VR, þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

Hvernig á að kjósa?

Til að kjósa skráir þú þig inn á Mínar síður á heimasíðu VR með lykilorði þínu og smellir á hnappinn ATKVÆÐASEÐILL. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú hefur ekki lykilorð inn á Mínar síður getur þó sótt um lykilorð og það verður sent í heimabanka þinn eða á heimilisfang þitt eins og það er skráð í félagaskrá VR.

Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttu-aðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 30 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

Frambjóðendur

Kosið er á milli sjö frambjóðenda til formanns og milli fimmtán frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Kynning á frambjóðendum er í blaðinu og á vef félagsins, www.vr.is.



Frambjóðendur til formanns VR eru:

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
Helga Guðrún Jónasdóttir
Kristinn Örn Jóhannesson
Lúðvík Lúðvíksson
Páll Örn Líndal
Rannveig Sigurðardóttir
Stefán Einar Stefánsson

Frambjóðendur til stjórnar VR eru:

Ásta Rut Jónasdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Bjarki Steingrímsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Eyrún Ingadóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson
Gunnar Heiðberg Gestsson
Jónas Pétur Hreinsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Óskar Kristjánsson
Pálmey Helga Gísladóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Þórir Traustason

Voting for the positions of president and board members

VR will hold a secret ballot to elect a president and seven board members for VR. The voting will begin at 9:00 am 16th March 2011 and will end at 12:00 noon on 30th March 2011.

Who is entitled to vote?

All VR members who were members in good standing (full members) on 31st December 2010 are entitled to vote. VR members who have since become full members are also entitled to vote. The same applies to those who paid membership dues to VR according to the latest periodic declaration reports of a company if the periodic declaration report is from September 2010 or later and the person in question has paid the minimum membership dues for 2010. Also entitled to vote are senior members who paid some dues in their 67th year and had paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67.

All full members will receive a letter detailing the voting process. Access to electronic ballot papers is via Mínar síður

on the VR website (members' personal pages on the website). If you believe you are entitled to vote but have not received a letter from VR, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavik or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is.

How to vote

The voting is electronic via Míinarsíður on the VR website. To access Míinarsíður you need a password which you can apply for on the VR website and will be sent as an online statement to your online bank under the header Lykilorð frá VR.

Once you have logged on to Míinarsíður, please choose the button BALLOT on the front page and you will be directed to the ballot. Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmanneyjar, Akranes and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

Candidates

Further information on the candidates, see p. 6-27 and the VR website, www.vr.is (in Icelandic only) Please contact the VR's service center, tel.: 510 1700 for further information and assistance.

Candidates for the position of president are:

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir
Helga Guðrún Jónasdóttir
Kristinn Örn Jóhannesson
Lúðvík Lúðvíksson
Páll Örn Líndal
Rannveig Sigurðardóttir
Stefán Einar Stefánsson

Candidates for members of the executive board are:

Ásta Rut Jónasdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Bjarki Steingrímsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Eyrún Ingadóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson
Gunnar Heiðberg Gestsson
Jónas Pétur Hreinsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Óskar Kristjánsson
Pálmey Helga Gísladóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Þórir Traustason



Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

Fæðingardagur og ár

3. júní 1973

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

g-jo@live.com

twitter.com/formadur_VR

Facebook

Guðrún sem formaður VR

Menntun og starfsreynsla

B.Sc í viðskiptafræði og er að klára M.Sc í alþjóðaviðskiptum. Þar sem ég varð móðir ung þá hef ég þurft að sjá fyrir heimili í 20 ár eða síðan ég var 18 ára gömul. Ég byrjaði að vinna við verslunarstörf og þekki vel að vinna langa vinnudaga til að ná endum saman. Þegar yngsta barnið mitt fæddist var ég verslunarstjóri hjá 10-11 og sá ekki fram á að geta sinnt börnunum mínum vegna vinnuálags.

Ég fór því í nám og 2006 útskrifaðist ég sem viðskiptafræðingur. Eftir það hef ég meðal annars unnið sem framleiðslustjóri hjá Mest og sem viðskiptastjóri hjá Microsoft. Nú hef ég nánast lokið meistaranámi í alþjóðaviðskiptum þar sem ég á bara eftir lokaritgerð. Ég hef mikla reynslu af stjórnun sem og allri teymisvinnu. Þegar ég var í HR (áður THI) sat ég eitt ár í nemendafélaginu, ég var formaður starfsmannafélags Microsoft og líka hjá Búr ehf. Síðustu tvö ár hef ég verið stjórnarmaður hjá VR og tekið þátt í ýmsum nefndarstörfum.

Helstu áherslur

Ég hef haft það sem forgangsmál í minni stjórnartíð hjá VR að efla gegnsæi, auka heiðarleika og hvetja verkalyðsförystuna til að taka afstöðu með félagsmönnum á sýnilegan hátt. Þessari vinnu vil ég halda áfram og gefa VR rödd sem talar máli félagsmanna óháð því hvaða stjórnmalaflokkur situr við völd. Verkalyðsfélagin eiga að vera óháð öllum stjórnmalaflokkum en þannig er hægt að hámarka ávinning félagsmanna. Það er kominn tími til að kröftug kona sem er óhrædd við að berjast opinberlega að kjaramálum félagsmanna, hvort sem það er í forni launa eða leiðréttingu lána, leiði VR á þessum erfiðu tímum.

Ég vil afnema verðtrygginguna og setja þak á vexti á meðan stöðuleika er náð hér í landinu. Eins vil ég láta rannsaka lífeyris-sjóðina af óháðum aðilum og auka lýðræði við kosningu til stjórnar þar. Það þarf að hækka lámarkslaun og lækka skatta. Ég hlakka til að taka þátt í þessum kosningum sem eru framkvæmdar í fyrsta skipti með nýsettum lögum er marka tímamót í sögu félagsins. Félagsmönnum er nú gefinn kostur á að velja sér fólk til trúnaðarstarfa með lýðræðislegum hætti en það verk var fyrsta skrefið í að opna félagið og auka þar með lýðræðið.

VR á að vera traust, framsýnt og sterkt félag sem byggir á heiðarleika, jafnrétti og samstöðu, að því vil ég vinna

Vilji félagsmanna kom greinilega í ljós á stefnuþingi VR sem haldið var á síðasta ári, um hvert hlutverk VR á að vera. Afgerandi samstaða var um að VR ætti að beita sér meira af auknum krafti í kjara-, réttinda og atvinnumálum. Þegar lítið er til þeirra mála sem ég hef lagt áherslu á í stjórnartíð minni hjá VR má greinilega sjá að margt er sameiginlegt með þeim og vilja félagsmanna samanber niðurstöðu á stefnuþinginu. Má nefna nokkur markmið sem framkomu á þinginu:

Auka áhrif VR á störf og stefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og stuðla að verulegum lýðræðis umbótum í starfsemi lífeyrissjóða hérlandis.

Að VR leggi sitt af mörkum við að byggja upp nýtt Ísland.

Að standa sérstakan vörð um hagsmuni þeirra sem eru lægst launaðir og efla baráttuna fyrir launajafnrétti.

Að VR noti þekkingu og afl sitt í þágu samfélagsins og verði rödd virðingar og réttlætis í samfélaginu.

Frá því að stjórnaseta mín hófst hjá VR hef ég ávallt verið trú mínум upphaflegu skoðunum sem ég var kosin til að framfylgja. Það hefur reynst þrautinni þyngri að tala fyrir daufum eyrum en uppgjöf er þó ekki valkostur hjá mér. Smám saman mun takast að byggja upp sterkt félag, gefa því rödd og taka ómengaða afstöðu með félagsmönnum.

Nokkur mál sem ég hef meðal annars komið að og/eða lagt fyrir stjórn:

Að stjórn VR ályktaði gegn verðtryggingunni og hún afnumin eða verðtrygging launa tekin upp.

Lýsa yfir stuðningi við baráttu hagsmunasamtaka heimilanna, hafna skattastefnu ríkisstjórnarinnar.

Hafna aðgerðarleysi og meðvirkni Alþýðusambandsins, lýst yfir vantrausti á Gylfa Arnbjörnsson og í framhaldi af því bauð ég mig fram gegn Gylfa á síðasta ársþingi ASÍ.

Að koma á launapaki á æðstu stjórnendum lífeyrissjóðsins.

Ég var svo einnig áberandi í baráttunni sem talsmaður bílamótæla. Auk þess hef ég gagnrýnt aðgerðarleysi verkalýðsforystunnar í baráttunni gegn ólögætum gengistryggðum lánum. Tæplega 800.000.000.000 krónur fóru í að tryggja ca 6% Íslendinga í formi innistæðutrygginga en hvað hefur verið gert fyrir hin 94%? Virðing og réttlæti? Ég spyr.

Ætli börnin okkar hafi einhvern áhuga á að búa á þessu landi í framtíðinni? Þau þurfa að halda uppi stórskuldugum eftirlaunaþegum þar sem framtíðarlífeyrir okkar mun varla duga fyrir afborgun á húsnæðisskuldum vegna þeirrar eignaupptöku sem heimilin og almenningur stendur frammi fyrir nú á dögum. Verkalýðshreyfingin er að velta yfir 10 milljörðum á ári, rekstrarkostnaður er um 2 milljarðar. Lífeyrissjóðirnir eru að velta um 300 milljörðum á ári og rekstrarkostnaður um 3 milljarðar, en væru líklega yfir 4 milljarðar ef erlend fjárfestingagjöld væru tekin með í reikninginn.

Við almenningur erum ríkið, eigum lífeyrissjóðina og dælum fjármagni í stéttarfélagin en höfum því miður ekkert um málin að segja. Þessu vil ég breyta. Í stað þess að brýna vopnin með samstöðu launafólks er ASÍ búið að afvopna hreyfinguna með aðgerðarleysi og yfirlýsingum á borð við, lítið sem ekkert svigrúm, hvar á að fá peninga, halda fengnum hlut, koma í veg fyrir frekari kaupmáttarýrnun og einhverju sem þeir kalla „ábyrgum kröfum“, það sýnir best uppgjöfina og vonleysið. Eina svarið frá verkalýðshreyfingunni eru öskrin í kóngnum ef einhverjum dirfist að gagnrýna ASÍ. Neyðarópin frá Akranesi og Húsavík eru afgreidd með sama hætti. Ef okkar helstu verkalýðsleiðtogar væru á árangurstengdum launum, væru þeir ekki með milljón á mánuði. Þeir væru að öllum líkindum á lágmarks taxtalaunum viðkomandi starfsgreina.

En hvernig gerum við VR að félagi sem berst fyrir bættum kjörum félagsmanna? Lykillinn að þessu er að hafa forystu sem ekki er tengd stjórnarmálflokki og getur því tekið sýnilega afstöðu sama hvaða flokkur situr við völd. Það þarf að stoppa þessa ærandi þögn verkalýðsfélaganna hér á landi og það strax. Forsendubresturinn er mannanna verk. Það þarf vilja til að breyta honum og verkalýðshreyfingu sem vinnur fyrir félagsmenn.



Helga Guðrún Jónasdóttir

Fæðingardagur og ár

6. desember 1963

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni.

Hef verið félagi í VR í hálfan annan áratug.

Netfang og vefsíður

hgjonasdottir@gmail.com

www.helgagudrun.is

Facebook

Fáum Helgu sem formann VR

Vinnustaður, starf og menntun

Ráðgjöf og verkefnastjórnun í markaðs- og kynningarmálum.

Ég er stjórn mála- og fjölmiðlafræðingur að mennt frá Háskóla Íslands. Sem stendur er ég að vinna í spennandi verkefni fyrir Kompás, nýtt þekkingarsamfélag sem er að rísa á veraldarvefnum og er helgað mannaúdi og mannaúdsstjórnun.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég hef látið talsvert að mér kveða í félagsmálum í gegnum árin og hafa jafnréttismál og umhverfismál jafnan verið mín hjartans mál. Ég er varaformaður Kvenréttindafélags Íslands og einn af frumkvöðlum Skottanna, samstarfsvettvangi íslensku kvannahreyfinganna. Ég er í stjórn lífrænu vottunarstofunnar Túns, sat í stjórn Landverndar og jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar um árabíl og sit nú í Lista- og menningarráði bæjarins. Þá hef ég gengt trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, m.a. sem formaður umhverfisnefndar flokksins og Landssambands sjálfstæðiskvenna. Einnig hef ég verið varaformaður Almannatengslafélags Íslands og átti sæti í stjórn Samtaka auglýsenda í nokkur ár. Ég hef starfað um rúmlega 20 ára skeið við markaðs- og kynningarmál, bæði sem kynningarstjóri og upplýsingafulltrúi en einnig sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og kom sem slíkur að nokkrum stórum verkefnum fyrir VR á sínum tíma. Ég þekki því ágætlega til starfsemi og starfsgilda VR.

Helstu áherslur

Formannsframboð mitt er samstöðuframboð um VR. Við viljum mynda breiðfylkingu um VR og hefja félagið til virðingar á ný. Við viljum leiða metnað og baráttugleði inn í stjórn VR og laga baráttu félagsins að breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Við viljum veita VR kraftmikla rödd í baráttunni fyrir afkomu okkar og sókn til bættra lífskjara og draga úr þeirri vaxandi misskiptingu sem er að eiga sér stað. Við viljum þverfaglega og þverpólitíska samstöðu innan VR, um raunverulega kaupmáttaraukningu og höfnum kjarabótum sem verðbólga og verðbætur éta jafnharðan upp. Við viljum að VR verði sá málsvari sem millitekjufólk skortir svo tilfinnanlega í dag. Við viljum að VR standi enn þéttar við bakið á þeim sem lægstu launin hafa. Við viljum laun og bætur sem byggja á raunsönnum lágmarksframfærsluviðmiðum. Og við viljum að VR hafi áfram kjark og þor til að berjast gegn því óþolandi kynbundna misrétti sem enn viðgengst á vinnumarkaðnum. Við viljum samstöðu og samvinnu sem skilar árangri í raun.

Ný hugsun, nýjar áherslur

Öfgakennd atburðarás síðustu ára hefur sett mark sitt á okkur öll. Þjóðarkaka sem virtist fara sístækandi reyndist tekin að láni. Eftir stendur skattþind þjóð sem berst í bökkum með verðtrygðan gjaldmiðil, útbólgna skuldir og ósamstætt stjórnkerfi. Afkoma lágtekjufólks og millitekjufólks fer hríðversnandi og misskipting eykst. Bilið á milli ríkra og fátækra breiðkar.

Á sama tíma kemur verðtrygging íslensku flotkrónunnar í veg fyrir að launahækkanir skili nauðsynlegum kjarabótum. Kerfið er þannig byggt upp, að verðbólga og aukin greiðslubyrði étur upp launaskrið sem engin innstæða er fyrir.

Á Íslandi býr kraftmikil og áræðin þjóð sem mun vinna sig úr þessum vanda. En góðir hlutir spretta yfirleitt ekki fram af sjálfum sér og við verðum að snúa vörn í sókn. Við þurfum öll að rísa upp og hrista af okkur doðann. Losa okkur úr viðjum gamla hugsunarháttarins, gömlu verkalýðsbaráttunnar.

Þessa sókn á VR leiða sem ein af stærstu og öflugustu launþegahreyfingum landsins:

Miða verður kjarabaráttuna við aukinn kaupmátt, ekki launahækkanir sem gufa upp í verðbólgu og aukinni greiðslubyrði. Það þýðir að við verðum að hugsa um kaup og kjör í kaupmátti, ekki í krónum. Stöðva verður frekari rýrnum kaupmáttar hjá almennu launafólki og sækja af harðfylgi raunverulegur kjarabætur til atvinnurekenda og stjórnvalda.

Við eigum að krefjast leiðréttingar á persónuafslættinum, sem þarf að hækka í takt við almennar verðlagshækkanir. Verðtryggður persónuafsláttur er dæmi um aðgerð sem mun auka kaupmátt láglaunafólks og millitekjufólks í reynd og færa okkur skrefinu nær norræna velferðarkerfinu.

Við eigum jafnframt að krefjast endurskoðunar á nýafstöðnum skattkerfisbreytingum, sem hafa dregið hlutfallslega mest úr kaupmátti millitekjufólka. Auknum skattbyrðum verður að dreifa með sanngjarnari hætti en nú er. Við vinnum okkur ekki út úr kreppunni með því að fjölga þeim sem búa við lökustu kjörin.

Burt með kynbundinn launamun. Innan VR er 10% óútskýrður launamunur kynjanna sem þarf að hverfa. Konur eru ekkert síður fyrirvinnur en karlar og þetta er því afar stórt hagsmunamál mikils fjölda VR félaga.

Við þurfum að hraða endurskoðun sem á sér stað á kjarnastarfsemi VR og laga að breyttum aðstæðum. Má í því sambandi t.d. nefna athyglisverðar umræður í stjórn VR um íbúðabyggingarfélög.

Markaðslaunakerfið þarf að laga að breyttum aðstæðum ásamt Fyrirtæki ársins. M.a. þarf að byggja „gólf“ inn í markaðslaunakerfið sem taka mið af kaupmáttarrýrnun og auka verður vægi þátta á

borð við atvinnuóryggi í Fyrirtæki ársins. Vaxandi atvinnuóryggi grefur nú hvað hraðast undan kjörum almenns launafólks.

Endurskoða verður verðtryggingarkerfi krónunnar. Í sinni núverandi mynd miðlar verðtryggingin fórnarkostnaði kreppunnar á afar ósanngjarnan hátt með sjálfvirkum kaupmáttarskerðingum. Ef breyta verður verðtryggingarkerfinu svo að launafólk geti fengið sanngjarnar leiðréttingar á þeim miklu kjaraskerðingum sem riðið hafa yfir, þá setjum við það á oddinn í kjarabaráttu VR.

Styrkja verður innviði VR og stuðning félagsins við félagsmenn í sókn þeirra fyrir bættum lífskjörum. Efla þarf upplýsingastreymi til félagsmanna og gera það aðgengilegra.

Við eigum ekki að sætta okkur við að stjórnvöld geti „fjármagnað“ slaka efnahagsstjórn með endurteknum skattahækkunum og kaupmáttarskerðingum. Krefjast verður nánara samráðs og samvinnu stjórnvalda við samtök launafólks í efnahagsmálum. Endurreisa verður Þjóðhagsstofnun og fela henni hlutlægt eftirlit með „gæðum“ efnahagsstjórnunarinnar og kaupmáttarþróun heimilanna í landinu.

Krefjumst aðgerða sem draga úr atvinnuleysi. Það eitt að launatengd gjöld nema þriðjung af heildarlaunakostnaði vinnuveitenda kyndir undir atvinnuleysið.

Kynntu þér betur helstu stefnumálin hjá mér á www.helgagudrun.is

Framboð mitt til formanns VR er samstöðuframboð. Að baki því stendur hópur VR félaga sem vill sjá breytingar til betri vegar innan VR. Fólk á öllum aldri sem vill sjá kraftmikla og markvissa baráttu hjá VR fyrir fyrir afkomu og lífskjörum félagsmanna VR. Fólk úr öllum stjórnsmálaflokkum sem vill að VR myndi brjóstvörn launþega gegn vaxandi misrétti og ójöfnuði í samfélaginu okkar. Félagar sem trú á framtíð lands og þjóðar og vilja byggja hér upp velferð sem stendur undir nafni.

Vertu með. Tökum höndum saman og myndum breiðfylkingu um VR. Með samstöðu og samvinnu getum við – ég og þú, við öll – sótt markvisst fram til betri tíma og bættra lífskjara. Láglauna- og millitekjufólk getur ekki endalaust og alltaf dregið vagn efnahagslegrar viðreisnar hér á landi. Dreifa verður byrðum kreppunnar með sanngjarnari og réttlátari hætti.

Við verðum að snúa vörn í sókn. Stöðva verður þá kaupmáttarrýrnun sem almennt launafólk hefur mátt þola og knýja fram nauðsynlegar breytingar á skattkerfinu og verðtryggingarkerfinu, svo að snúa megi launa- og kaupmáttarþróuninni við.

Þessa öflugu sókn er ég reiðubúin að leiða sem formaður VR og bið um stuðning þinn til þess.



Kristinn Örn Jóhannesson

Fæðingardagur og ár

25. desember 1966

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

kristinn@koj.is

kristinnvr@gmail.com

www.koj.is

Facebook

Kristinn Örn Jóhannesson

Vinnustaður, starf og menntun

Formaður VR frá árinu 2009 og starfa sem slíkur í dag, en var áður hjá flugfélaginu Primera. Nam flugrekstarfræði við St. Francis College, Brooklyn, NY.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég hef í gegnum tíðina tekið virkan þátt í félagstarfi í námi og starfi. Árin áður en ég varð formaður VR einbeitti ég mér að félagstörfum er lutu að þremur ungum dætrum mínum með setu í foreldraráði leikskólans og að nærumhverfinu með setu í stjórn Íbúasamtaka miðborgarinnar. Lungann úr starfsævinni hef ég unnið við flugrekstur, bæði hér og erlendis en fékkst einnig við sölustörf í upplýsingatækni. Fyrir hönd VR sit ég í miðstjórn ASÍ og nokkrum fastanefndum hennar: Alþjóðanefnd, Efnahags- og skattanefnd og Lífeyris- og veikindaréttarnefnd. Jafnframt er ég fulltrúi ASÍ í samningahóp stjórnvalda um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál í aðildarviðræðum við ESB.

Helstu áherslur

VR hefur miklu samfélagslegu hlutverki að gegna og á að vera í forystuhlutverki innan launþegahreyfingarinnar. Markmiðin sem ég vil vinna að eru:

Að allir í samfélaginu hafi jafna möguleika til réttlátra launa.

Að þjóðin setji sér siðferðisleg mörk um sanngjörn lágmarkslaun sem grunn viðspyrnu, um sanngjarnt launabil einstaklinga og skapi hér sátt til uppbyggingar á þróðu og réttlátu samfélagi.

Að allir hafi jafna og tryggða möguleika til náms, heilbrigðisþjónustu og þeirrar félagslegu þjónustu sem tryggir þeim virkni, framlag og virðingu sem einstaklingar og sem hluti af heild - í sameiginlegri ábyrgð allra.

Til þess að ná þessum markmiðum verðum við að nýta þá samvisku, skynsemi og samtakamátt sem í hreyfingu okkar býr. Við verðum að taka forystuna í að skapa þá samfélagslegu sátt sem við eigum skilið en höfum ekki fengið.

Ekki átaksverkefni heldur langtímaverkefni

Árið 2009 var brotið blað í sögu VR þegar félagsmenn kusu í fyrstu almennu kosningum félagsins einn úr sínum röðum, almennan launþega í embætti formanns. Í aðdraganda þessara kosninga benti ég á að félagið, sem ávallt hafði tekist að slá í takt við samfélagið á hverjum tíma, væri komið úr takti. Forystan sem setið hafði árum og áratugum saman þrammaði taktlaus í átt frá hinum almenna félagsmanni.

Ég gerði þá kröfu að hlutverk VR sem stéttarfélags yrði eftir - þó ekki á kostnað öflugssþjónustuhlutverks. Að sama skapi lagði ég áherslu á að hlutverk formanns félagsins væri að vera talsmaður stéttarfélags; - ekki stjórnarmaður lífeyrissjóða, fyrirtækja í atvinnurekstri eða bankastarfsemi.

Mitt fyrsta verk var að breyta launakjörum formanns þannig að ef greitt væri fyrir önnur trúnaðarstörf í krafti embættisins þá rynnur þær tekjur til félagsins en ekki í vasa formanns. Þannig væri óumdeilt að þeim störfum væri sinnt fyrir félagsmenn en ekki vegna eigin hagsmuna. Bílafríðindi voru aflögð. Þá tengdi ég launahækkanir formanns við kjarasamninga VR. Hlutverk formanns launþegafélags verður að vera skýrt.

Dyrnar opnaðar upp á gátt

Margir telja eina af ástæðum hrunsins 2008 vera að fjármálastofnunum var stjórnað af hópi fólks með einsleitum bakgrunn og þekkingu; að innan stofnana samfélagsins var fólk sem hafði komist í áhrifastöður í krafti stjórnmalaflokka eða einfaldlega setið of lengi. Værukærð vanans hafði svipt það meðvitund og viðbragði. Endurnýjunar og breytinga var þörf með virkri þátttöku þeirra sem fyrir utan höfðu staðið.

Því lagði ég sérstaka áherslu á að virkja hinn almenna félagsmann í starfi VR og koma honum til áhrifa. Með það að leiðarljósi hefur félagið undir minni forystu farið í opna stefnumótunarvinnu þar sem hugmyndir og áherslur voru sóttar til félagsmanna sjálfra, starfsmanna og kjörinna fulltrúa VR. Í því starfi hafa orðið til mikil verðmæti; vilji og hugmyndir félagsmanna kortlagðar og mikilsverð reynsla fengist í að halda og vinna úr stórum, opnum vinnufundum félagsmanna. Sú reynsla var nýtt við mótun kröfugerðar félagsins í yfirstandandi kjarasamningum, líklega hafa aldrei fleiri félagsmenn komið að slíkri vinnu áður. Dyrnar hafa aldrei verið jafnopnar félagsmönnum og nú og þáttökulyðræðið aldrei virkara.

Trúnaðarmenn gegni lykilhlutverki

Það er starf stéttarfélaga að styrkja stöðu launþega almennt og þarf stöðugt að þróa og aðlaga þá aðferðarfræði sem beitt er hverju sinni og skilgreina fyrir hverju skal barist. Grunnréttindi og lágmarkskjör

eru tryggð og samfélagið mótað í krafti fjöldans og samstöðunnar. Þegar vel árar hafa markaðslaun skilað flestum einstaklingum ábata. Hinsvegar er það hlutverk fjöldasamtaka eins og VR að beita sér í fyrir kjarabótum og réttindum allra félagsmanna og svo að styðja og styrkja launafólk í að sækja fram þar sem sóknarfæri gefast.

Lykilatriði í þessari nálgun eru vinnustaðasamningar og virkt, öflugt og sýnilegt starf trúnaðarmanna á vinnustöðum. Það vil ég byggja upp. Starf trúnaðarmanna á vinnustöðum á að vera eftirsóknarvert. Það á að vera hluti af starfsþróun og starfsuppbyggingu þeirra einstaklinga sem því gegna. Félagið á að styðja þá og styrkja til þátttöku í uppbyggilegu og gefandi starfi sem skilar í senn ávinningi fyrir trúnaðarmanninn sjálfan og þá sem hann starfar fyrir; samstarfsmennina. Slíkt skilar líka sterkara félagi sem er í góðum tengslum við félagsmenn og vinnustaði þeirra.

Marserum hlið við hlið

Ég hef fengið það staðfest í gegnum stefnumótunarvinnu félagsins að það er í þessa átt sem félagsmenn vilja stefna. Í umboði félagsmanna hef ég stigið skrefin í þessa átt á kjörtímabilinu.

Þetta hefur ekki alltaf verið auðveld ganga og sumir stjórnarmenn hafa viljað marsera með hávaða og látum inn í kröfugöngur sem ekki tengdust raunverulegum hagsmunum VR félaga á meðan aðrir syrgðu horfna tíma handvalinnar forystu.

Að vera í forsvari fyrir VR er yfirgripsmikið og vandasamt verkefni sem ég er að ná tökum á við erfiðar aðstæður í félaginu og samfélaginu öllu. Það er reynsla sem enginn annarra frambjóðenda til formanns býr yfir. Fyrir tveimur árum bauð mig fram sem fulltrúi hins almenna hófsama félagsmanns sem vildi hófsamar breytingar á félaginu án tenginga við stjórnmalaflokka. Ég var félagsmaður sem vildi auka vægi félagsins sem stéttarfélags og virkja félagsmenn í starfi þess. Þessum sjónarmiðum hef ég verið trúur og að þeim vil ég starfa áfram.

Næstu skref eru í höndum félagsmanna VR, valið er sem fyrr á milli stöðunnar, öfga eða þeirrar vinnu sem hafin er. Ég sækist eftir endurnýjuðu umboði þínu til að leiða þetta þróunarstarf félagsmanna áfram. Þetta er ekki átaksverkefni heldur langtímaverkefni sem á að vinna í samvinnu félagsmanna og forystu félagsins. Hálfnað verk þá hafið er.

Kæri VR-ingur, ég óska eftir stuðningi þínum til áframhaldandi verka. Ekki láta hjá líða að kjósa – VR er félagið þitt.



Lúðvík Lúðvíksson

Fæðingardagur og ár

20. september 1968

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíða

ludvikvr@gmail.com

www.hjariveraldar.is/ludvik

Facebook

Ludvik Ludviksson

Vinnustaður, starf og menntun

Í atvinnuleit og menntaður netagerðarmaður.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Rekstur fyrirtækja, stjórnandi, launamaður, komið að stofnun félagasamtaka og starfað í nokkrum slíkum.

Helstu áherslur

Kæri félagsmaður.

Það er gaman að sjá að mín baráttumál eru að endurspeglast í vilja margra félagsmanna sem ég hef rætt við í heimsóknum mínum að undanfögnu; að VR verði leiðandi í kjarabaráttu á Íslandi, gera félagið opið og gagnsætt, vera í fararbroddi þess að koma lægstu launum upp fyrir 200 þúsund krónur og fleira. Sjá nánar upplýsingar um mig og mín málefni á netslóðinni: www.hjariveraldar.is/ludvik

Til að VR verði rödd virðingar og réttlætis í samfélaginu, verður félagið að hafa sterkan formann sem setur ávallt hagsmuni félagsmanna framur sínum eigin hagsmunum.

Þeir sem þekkja til mín vita að ég hef ákveðnar skoðanir og óþrjótandi baráttuvilja og þrek til að breyta rétt til hagsbóta fyrir félagsmenn.

Stéttarfélag á borð við VR á eingöngu að snúast um hagsmuni félagsmanna.

Ég óska eftir þínum stuðningi í komandi kosningum til formanns í félaginu okkar VR.

*Bestu kveðjur,
Lúðvík Lúðvíksson.*

Kæri VR félagi

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá bankahruninu í október 2008 og menn spyrja sig m.a. að því hvort að aðstæður hafi breyst til hins betra í okkar samfélagi. Atvinnuleysi er viðvarandi og margir félagsmenn berjast í bökkum með yfirbyrmandi há húsnæðislán vegna þess forsendubrestar sem varð á Íslandi við hrun bankanna. Fólki vill þukur og leyndarhyggju burt og að stjórnvöld og stofnanir þess geri grein fyrir almennum aðgerðum á upplýstan og gegnsæjan hátt.

Það sama á við um VR. Hjá VR á auðvitað allt að vera uppá borðum og félagið á að vera fyrirmynd annarra í samfélaginu og félagsmönnum til sóma bæði út á við og inn á við.

Þegar kemur að kjarasamningnum þá hafa 28 þúsund félagsmenn allan þann slagkraft til að ná fram kröfum sínum og auðvitað verðum við að ná lágsta taxta upp fyrir 200 þúsund króna múrinn.

Ættu nýútkominn neysluviðmið að efla okkur til að ná betri samningum fyrir þá sem lágstu launin hafa.

Til þess að halda merkjum VR á lofti, þarf dugmikinn baráttumann sem er tilbúinn í þá vegferð að fara troðnar sem ótroðnar slóðir til að ná markmiðum okkar í gegn.

Kveðja,

Lúðvík Lúðvíksson, frambjóðandi til formanns VR.



Páll Örn Líndal

Fæðingardagur og ár

22. maí 1967

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

pall@pall-lindal.is

www.pall-lindal.is

Facebook

Palla sem formann VR

Vinnustaður, starf, og menntun

Viðskiptastjóri hjá N1. Háskólinn í Reykjavík, CIM (markaðsfræðinám), 2001-2002. Háskóli Íslands, Markaðs- og útflutningsfræði, 1995-1996. Iðnskólinn í Reykjavík, Brautskráður bifvélavirki, 1984-1988.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Formaður Samtaka auglýsenda (SAU) 2005 til 2007. Tilgangur SAU er að gæta sameiginlegra hagsmuna auglýsenda gagnvart fjölmiðlum, stjórnvöldum og auglýsingastofum. SAU stuðlar að góðu samstarfi við alla þá sem starfa að markaðsmiðlun og vinnur að hvers konar faglegri fræðslu.

Formaður starfsmannafélags N1 frá 2007 til dagsins í dag. Stjórnarmaður í starfsmannafélagi Oliufélagsins 2004 til 2007. Starfsmannafélag N1 er með stærri starfsmannafélögum landsins. Starfsemin byggist á löngum reynslugrunni starfsmanna fyrirtækja sem sameinuðust undir merkjum N1. Starfsemin er afar fjölbreytt og miðar að því að auka starfsánægju, samheldni starfsmanna og efla liðsandann. Félagið gengst fyrir ýmsum viðburðum svo sem göngu-, óvissu- og leikhúsförum, dansleikjum, árhátíð, fræðslu- og kynningarkvöldum ásamt rekstri orlofshúsa víða um land. Félagi í Round Table. Kosinn í trúnaðarráð VR 2010.

Helstu áherslur

1. Skapa félaginu skýra framtíðarsýn.
2. Koma VR sem fyrst út úr þeim óróleika sem hefur sett mark sitt á félagið og skaðað ímynd þess.
3. Gera VR algerlega óháð öllum stjórnámum, hagsmunahópum og fyrirtækjum.

Verklag

Ég mun leggja áherslu á að spyrja hinn almenna félagsmann hvernig hann vill sjá VR starfa fyrir sig. Ég mun á fyrstu mánuðum sem formaður heimsækja félagmenn og halda með þeim stutta vinnufundi þar sem farið verður yfir lykilmálin og þeim svarað.

Í framhaldinu verður félaginu mótuð stefna og leiðarkort sem unnið verður eftir.

Ég mun aðskilja starf formanns og framkvæmdarstjóra félagsins. Það er ótækt að starfsmenn VR hafi áhyggjur af formannsslag á tveggja ára fresti og áhrifum hans á starfið á skrifstofum félagsins.

Nú er rétti tíminn til að horfa á allt starf VR með opnum huga og velta við öllum steinum undir kjörorðinu: Öflugra félag – Okkar hagar.

Öflugra félag - okkar hagur

Ágæti VR félagi

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til formanns VR vegna fjölda áskorana frá félagsmönnum sem vilja sjá einstakling úr okkar eigin röðum stýra félaginu. Ég tek þessum áskorunum því að ég tel mig hafa hlutverki að gegna með reynslu mína af félagsmálum og trúnaðarstörfum. Ég er reiðubúinn að leggja mig allan fram fyrir ykkur.

Ég geng til þessara kosninga algerlega óháður öllum stjórnarálflokkum, hagsmunahópum og fyrirtækjum. Ég mun ekki stilla upp lista né vera með hóp af meðframbjóðendum. Ég vil einfaldlega vinna með góðu fólki úr öllum hópum að því að hefja félagið okkar á þann virðingarstall sem því ber sem forystuafli meðal íslensks launafólks.

Nú er tími til að hugsa í nýjum lausnum. Við þurfum að horfast hiklaust í augu við mistök fortíðarinnar og leita að orsökum en ekki blórabögglum. Það er vænlegasta leiðin til að koma VR sem fyrst út úr þeim óróleika sem allt of lengi hefur sett mark sitt á félagið.

Síðan tekur við það spennandi verkefni að horfast í augu við tækfæri framtíðarinnar og kortleggja nýjar leiðir til þess að koma hagsmunamálum félagsmanna á nýjan reksþól. Ég legg sérstaka áherslu á að skapa VR skýra framtíðarsýn sem við getum öll sameinast um. Við viljum sjá VR vaxa sem öflugt stéttarfélag þar sem virðing, réttlæti og traust gilda í orði og verk. Við viljum sjá VR dafna sem framsækið félag þar sem við finnum fyrir heilbrigðri samstöðu.

VR þarf að endurnýjast með þeim ferska blæ sem fylgir nýjum viðhorfum, nýjum vinnubrögðum og nýrri starfsgleði. Stjórnarmenn, starfsmenn og félagsmenn þurfa upplifa það sem sjálfsagðan hlut að koma hreint fram og finna ávinninginn af því að snúa bökum saman. Við þurfum öll að útfæra nýja hugsun í verki.

Til þess að endurreisa traust og tiltrú innan félagsins, verðum við að standa við gefin loforð og stunda fagleg og traust vinnubrögð. Það er allra hagur að við sýnum hvert öðru virðingu og sæmd í starfi og á opinberum vettvangi, virðum sjónarmið annarra og hlustum með athygli og án fordóma á öll sjónarmið.

Við verðum að koma fram sem sterkt, sameinað aflu um baráttumál VR. Þannig tökumst við á um hugmyndir en stöndum saman um ákvarðanir. Við verðum að standa vaktina sem aldrei fyrr og verja kjör okkar og réttindi af festu og áræði. Kaupmáttur hefur rýrnað,

félagsmenn hafa tekið á sig launaskerðingar, óvissa er í atvinnumálum og atvinnuleysi mikið. Framundan eru tímar þar sem við þurfum að vinna með samstilltu átaki að okkar hagsmunamálum og styðja um leið við skynsamlega verðmætasköpun og fjölgun starfa í samfélaginu. Við megum ekki láta það lengur átölulaust að sjálfskipuð öfl, sem eru í raun fyrst og fremst andsnúin öflugu atvinnulífi, vaði hér uppi og stöðvi hverja atvinnuskapandi framkvæmdina af annarri rétt fyrir framan nefið á okkur. Svipti okkur tækifærum til atvinnu og mannsæmandi lífsviðurværis þar sem leiðin upp úr djúpri efnahagslægð felst í skynsamlegri nýtingu auðlinda. Hvernig getum við réttlætt það að VR félagar hrökklist úr landi vegna atvinnuleysis sem orsakast af sjálfskaparvíti pólitískra öfga?

Þessari þróun þarf að snúa við til að tryggja að félagsmenn VR, jafnt sem aðrir landsmenn, geti gengið að góðum framtíðarstörfum til sjá sér og sínum faraborða í krafti vinnusemi og hyggjuvits. Rödd VR gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Okkur ber skylda til að brýna þessa raust til að veita aðhald, stuðla að endurreisn og fjölga atvinnutækifærum. Grunnildin virðing, réttlæti og traust eiga líka erindi inn í þjóðfélagsmæðuna. Þau varða veginn til bjartari framtíðar og nýrrar hagsældar.

Velgengni er ekki tilviljun heldur árangur af markvissu starfi. Það er staðfastur ásetningur minn að skapa VR ný tækifæri til að eflast í góðu samstarfi við ykkur. Til þess að svo megi verða nægir ekki að sinna verkefnum líðandi stundar. Við verðum líka að leitast við að sjá fyrir helstu breytingar í samfélaginu og aðlagast þeim fljótt og vel. Mikilvægasti hluti þessarar framvindu snýst um mannlega þáttinn. Viðhorf og vinnubrögð, sem svara ekki kröfum tímans, festa okkur í fortíðinni og verða því að breytast með framtíðarhagsmunum VR að leiðarljósi.

Ég býð mig fram til að veita þessu verkefni forystu og vona að við eigum samleið til sigurs undir kjörorðinu: Öflugra félag – okkar hagur.

*Með félagskveðju,
Páll Örn Línal*



Rannveig Sigurðardóttir

Fæðingardagur og ár

28. júní 1953

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður:

rannveigsig@internet.is
allirvinirvr@gmail.com

Facebook

Rannveig Sigurðardóttir frambjóðandi til formanns VR

Vinnustaður, starf og menntun

Starfar hjá LAG lögmönnum sf, við slysamál og almenna skrifstofuvinnu. Ég er gagnfræðingur að mennt og með einingar til stúdentsprófs.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Sat í stjórn VR árin 1997-2009. Formaður framkvæmdastjórnar Fræðslusjóðs VR. Í stjórn Sjúkrasjóðs VR og var í laganefnd VR. Vann ásamt almennum félagsmönnum VR að gerð siða- og verklagsreglna fyrir VR og sat í nefnd um stefnumótun fyrir VR. Ég hef setið í trúnaðarráði VR um árabíl og var trúnaðarmaður á vinnustað. Þá sat ég í stjórn Vinnueftirlits ríkisins, miðstjórn ASÍ og kom að endurskoðun slysatrygginga launamanna í síðustu kjarasamningum og einnig nú í yfirstandandi kjarasamningum.

Ég var í JC hreyfingunni í 10 ár og tók þátt í námskeiðahaldi, ræðumennsku, ritstörfum og nefndar- og stjórnarstarfi innan hreyfingarinnar. Var landsritari hreyfingarinnar og vinn nú að gagnaöflun og ritun 50 ára sögu hreyfingarinnar á Íslandi. Var í leikfélagi.

Ég hef unnið m.a. í Sjóvá á tjónasviði í 19 ár, vann hjá endurskoðendum, við bókhald, sem setjari, í fiskvinnslu, sem lambaljósmóðir og var þerna til sjós.

Helstu áherslur

Er talsmaður lýðræðis, til sátta lagði ég fram breytingu á kosningagrein (20. gr. laga VR), þar sem félagsmenn geta kosið forystu VR í beinni kosningu.

Vil taka upp gömul og góð verkalýðsgildi í bland við nýja strauma.

Vil gæta vel að ungu fólki sem er að stiga sín fyrstu skref á vinnumarkaðinum.

Mun vera vakandi yfir öllum þeim málum sem koma launamönnum VR til góða.

Krafan er að jafnrétti kynjanna sé virt í VR.

VR á að reka fjölskylduvæna stefnu.

Vil kynna réttindi og skyldur og sögu verkalýðsmála.

Vil vinna að málefnum elstu félagsmannanna sem eru að nalgast starfslok – sveigjanleg starfslok.

Vil setja á stofn vinnuhópa um hin ýmsu málefni er varða félagsmenn – móta stefnu VR.

Vil virkja trúnaðarráð til meiri þátttöku í starfi fyrir VR og gæta vel að atvinnuleitendum.

Framboð til formanns VR

Það er stór ákvörðun að bjóða sig fram til formanns VR eins stærsta stéttarfélags landsins. Til þess þarf þor og reynslu af vettvangi verkalýðsmála. Þorið og reynsluna hef ég. Ég hef starfað á vettvangi VR í nær tvo áratugi.

Ég hóf afskipti mín af verkalýðsmálum sem trúnaðarmaður á vinnustað. Síðan lá leiðin í stjórnarstörf fyrir VR og önnur trúnaðarstörf.

Lýðræðið

Sem lýðræðissinni vil ég að félagsmenn VR komi meira að þátttöku fyrir félagið. Ég lagði fram breytingatillögu á kosningagrein laga VR, 20. greininni, á framhaldsaðalfundi félagsins í janúar sl. Að félagsmenn gætu kosið sér forystu VR í beinni lýðræðislegri rafrænni kosningu. Greinin var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta fundarmanna. Af því má sjá að félagarnir vilja koma að málefnum félagsins. VR er verkalýðsfélag, stéttarfélag launamanna. Það er mikið gleðiefni að lifnað hafi yfir félagsvitund í þjóðfélaginu.

Til trúnaðarstarfa fyrir VR

Þeir sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa fyrir félagið eru talsmenn félaganna og þeir sem ná kjöri verða að starfa eftir þeirri hugmyndafræði sem félagsmaðurinn ákveður og verkalýðsfélag er stofnað til. Ég vil virkja félagsmenn í stefnumótun fyrir félagið og annarra hagsmunamála þeirra. Ég hef alltaf verið talsmaður þess að trúnaðarráð félagsins hafi meira vægi í ákvarðanatöku félagsins, félagar í trúnaðarráði endurspeglar vilja félagsmanna í VR.

Jafnrétti

Ég hef verið vakandi yfir að jafnrétti væri virt í vali á félagsmönnum sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Í VR er hlutfall kvenna 60% og karla 40%. VR hefur unnið mikið í jafnréttismálum en björninn er ekki unninn. Það er ekki nóg að blása í blöðru eitt árið en leyfa síðan loftinu að leka úr og þar með er allt búið. Nei, við eigum að starfa áfram með uppþrettar ermar að útrýmingu kynbundins launamunar og jöfnun launa, fyrir jafnrétti á öllum sviðum. Við erum búnir að vera í baráttunni mjög lengi og það er hreinlega óþolandi og ólíðandi að markmið fyrri ára hafa ekki enn náðst í jöfnuði sem eru grunn mannréttindi. Nú er tækifæri í 120 ára sögu VR að brjóta blað með því að kjósa konu til formanns, konu með reynslu á vettvangi VR.

Yngstu félagarnir

Sem móðir hef ég viljað gæta hagsmuna yngstu félagsmannanna, kynna þeim rétt sinn og skyldur. Í síðustu kosningum til trúnaðarstarfa hjá VR lagði A-listinn áherslu á stofnun ungliðahreyfingar innan VR og er hún í burðarliðnum. Er það mikill fögnuður og yngstu félagarnir eiga aldrei að þurfa að láta vaða yfir sig á vinnumarkaðnum.

Elstu félagarnir

Ég hef í gegnum árin verið talsmaður sveigjanlegra starfsloka, fyrir okkar elstu félagsmenn. Ég vil að launamenn sem nálgast starfslok hafi val um að hætta smátt og smátt að vinna. Verði ekki einungis látnir hætta á 67 ára eða 70 ára afmælisdaginn.

Öryggismál og slysamál

Öryggi á vinnustöðum er eitt af baráttumálum mínum, þar nýtist sú þekking og reynsla sem ég hef öðlast á starfsvettvangi mínum með slysamál. Það veldur mér miklum áhyggjum að launamenn eru nú settir í þá stöðu að sjá sjálfir um að tilkynna sín vinnuslys til Sjúkratrygginga Íslands og tryggingafélags atvinnurekanda. Launamenn eru tryggðir í hópryggjum af atvinnurekanda og fá sjaldnast vitneskju um hvar atvinnurekandi hefur tryggt þá. Hvað þá fyrir hverju þeir eru tryggðir. Hér legg ég þunga áherslu á að VR kynni félagsmönnum sínum allt um réttindi og skyldur vegna slysa.

Ég hef einnig miklar áhyggjur af launamönnum sem starfa einir í verslunum eða söluturnum á kvöldin. Hvert er öryggi þeirra ef á þá er ráðist? Ég vil leggja áherslu á að öryggi okkar félagsmanna verði aukið á þessum vettvangi.

VR starfið

VR hefur í gegnum árin 120 verið framsækið félag, brautryðjandi á mörgum sviðum. Hver man ekki eftir fæðingarorlofinu sem í dag þykir sjálfsgagt. Velferðarsjóðurinn var til aðstoðar þeim sem vegna slysa eða veikinda hafa þurft að leita til sjúkrasjóðs VR. Þeir voru aðstoðaðir til að komast sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn. Velferðarsjóður VR var síðan fyrirmyndin að Starfsendurhæfingarsjóði. Varasjóðurinn varð til hjá VR. Orlofs- og veikindaréttindi hafa aukist í síðustu kjarasamningum og einnig slysarétturinn. Margt þarf að endurskoða og að því vil ég vinna með stjórn félagsins, starfsmönnum og félagsmönnum.

Ýmislegt hefur áunnist í kjarabaráttunni á síðustu áratugum, en betur má ef duga skal. Að mínu mati er krónutöluhækkun ekki allt, skoða verður kjarasamninga í víðara samhengi. Ég vil skoða hvort áunnin réttindi fylgi starfsævi launamanns.

Lokaorð

Ég ber virðingu fyrir fólki og skoðunum þess. Ég álít að mismunandi skoðanir megi sameina í góðar tillögur og verkefni fyrir félagið okkar VR. Sameinuð stöndum við vörð um félagsmenn og málefni VR.



Stefán Einar Stefánsson

Fæðingardagur og ár:

22. september 1983

Félagasvæði:

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður:

stefan.e.stefansson@gmail.com

www.stefaneinar.is

www.pressan.is/pressupennar/Stefan_Einar_Stefansson

Facebook

Stefán Einar Stefánsson

Vinnustaður, starf og menntun

Framkvæmdastjóri Hins íslenska bibliúfélags, stundakennari í siðfræði við Háskólann í Reykjavík. MA í viðskiptasiðfræði, embættispróf í guðfræði, BA í guðfræði.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ráðgjafastörf fyrir fyrirtæki, stofnanir og félög vegna setningar siðareglna og samfélagsábyrgðar stefnu. Hef kennt siðfræði hjá fyrirtækjum og stofnunum, m.a. við endurmenntun Háskólans á Akureyri og Þekkingarnet Austurlands. Fyrirlestrar hér á landi og erlendis um hrun bankakerfisins og þá lærdóma sem af því má draga. Formaður Varðbergs, samtaka ungs áhugafólks um vestræna samvinnu 2009-2010. Gegndi trúnaðarstörfum á vettvangi Sjálfstæðisflokksins. Sat í stjórn Guðfræðistofnunar HÍ 2007-2009. Formaður Félags guðfræðinema við Háskóla Íslands 2005-2007.

Helstu áherslur

VR þarf að öðlast fyrri styrk á opinberum vettvangi og verða öflugur málsvari verslunar- og skrifstofufólks í landinu. Nú þarf að vinna til baka þá kjaraskerðingu sem launafólk hefur orðið fyrir. Félagsmenn geta stólað á að eftirtöldum málum verður hrundið í framkvæmd á næstu 24 mánuðum, náí ég kjöri:

Við kjarasamningagerð verði lögð áhersla á að endurheimta og viðhalda kaupmætti félagsmanna.

Taka þarf harðar á því siðferðislega vandamáli sem launamunur kynjanna er. Það er ólíðandi að 10% munur mælist milli kynjanna. Ég kynni nýjar leiðir til þess að sporna gegn þessu vandamáli.

Forysta VR þarf að þrýsta á um aukinn kraft í atvinnusköpun. Íslenskt samfélag þolir ekki að atvinnuleysi mælist yfir 8%. VR ber skylda til að láta til sín taka í þessum efnum!

Kanna þarf möguleikann á því að VR ráðist í stofnun fasteignafélags sem geri félagsmönnum kleift að leigja sér húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Margir hafa lent í erfiðleikum með fasteignir sínar og nauðsynlegt er að fjölga búsetuúrræðum fólks á komandi árum.

VR í fremstu röð

Um áratugaskeið hefur VR verið leiðandi afl í kjarabaráttu launafólks á Íslandi. Sigrar í samningum, öflugur sjúkrasjóður og hátt þjónustustig gagnvart félagsmönnum hefur verið aðalsmerki félagsins. Nú þegar atvinnustig í landinu er bágborið og þrengt hefur að fjárhagslegri stöðu allflestara er mikilvægt að VR standi vaktina og haldi uppi baráttu fyrir hagsmunum þeirra 28.000 félagsmanna sem á það treysta. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að VR gangi vel í baráttunni og raunar eru margir félagsmenn sem hefðu viljað að félagið væri sýnilegra og afdráttarlausara í baráttu sinni.

Því miður hafa síðustu tvö ár einkenst af miklu sundurlyndi í stjórn VR og meira hefur borið á fréttum um átök milli stjórnarmanna en að þar hafi fólk tekist að snúa bökum saman í baráttunni fyrir stærstu hagsmunamálum félagsmanna. Við það verður ekki unað. Ljóst er að sá sem kjörinn verður formaður VR í komandi kosningum þarf að hafa einurð og staðfestu til að leiða stjórnarmenn saman og virkja um leið starfsfólk, trúnaðarráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum í þeirri baráttu sem við hljótum öll að vilja fylkja okkur á bak við.

Mörg mikilvæg baráttumál

Baráttumálin eru mörg því að nauðsynlegt er að beina öllum kröftum VR að því að ná til baka þeirri kaupmáttarrýrnun sem orðið hefur. Það verður að gerast um leið og staðinn er vörður um mikilvægar grunnstoðir félagsins. Má þar sérstaklega nefna sjúkra- og varasjóð, starfsmenntamálin og önnur þau úrræði sem félagsmönnum bjóðast til þess að létta róðurinn.

Í kjarasamningagerð er mikilvægt að líta til ólíkra þátta sem allir geta skipt máli varðandi endanleg áhrif þeirra á kaup og kjör. Mikilvægt er að halda verðbólgunni í skefjum og tryggja eftir megni að álögur ríkisins verði ekki svo óbærilegar að engu skipti þó laun hækki svo litið sé til krónutölu. Þá er sérstaklega mikilvægt að einstaklingar með lágar og millitekjur sjái fram á raunverulegar kjarabætur því verðbólga og hækkandi verð á nauðsynjum af öllu tagi er farið að setja verulegt strik í reikninginn fyrir fjölda fólks.

Útrýmum launamun

Launamunur kynjanna er stórt vandamál, en að miklu leyti dulið. Það er ólíðandi að 10% munur mælist milli karla og kvenna sem aðild eiga að VR. Þetta er fyrst og fremst félagslegt- og siðferðislegt vandamál. Ég vil hrinda af stokkunum verkefni sem ég kys að kalla „Launavog VR“ en það yrði samstarfsverkefni VR og þeirra fyrirtækja sem vilja taka þátt í baráttunni gegn launamun kynjanna. Í samstarfsverkefninu verður kafað ofan í ástæður þess að launamunurinn er til staðar og kannað hver hann í raun og veru er innan hvers fyrirtækis. Þá munu stjórnendur viðkomandi fyrirtækja skuldbinda sig til þess að útrýma

muninum innan tiltekins tímaramma og mun VR hafa hönd í bagga við mat á árangri. Þetta er leið sem er ný af nálinni en leita þarf nýrra leiða til að leysa áður óleyst vandamál.

Húsnæðismál

Fjölmargir félagsmenn VR hafa orðið fyrir bú sífjum vegna verðbólgu og gengishruns. Ljóst er að margir eiga eftir að eiga í erfiðleikum með að halda í fasteignir sínar og enn aðrir sem ekki munu eiga þess kost að kaupa eigin fasteign. Ég tel það raunhæfan möguleika að VR komi með einu eða öðru móti að uppbyggingu sérstaks búsetukerfis fyrir félagsmenn þar sem þeim gefst kostur á að leigja sér húsnæði, með eða án kaupleiguákvæða. Hættan sem við stöndum frammi fyrir nú er að fjárplógsmenn taki sér stöðu á þessum markaði og hafi varnarlaust fólk að féþúfu. Sé hægt að byggja kerfið upp á félagslegum grunni á vettvangi VR, væri stór sigur unninn með því. Nú er ástæða til að horfa út fyrir rammann og skoða tækifæri sem áður töldust ekki raunhæf. VR á að taka forystu á þessum vettvangi eins og öðrum þar sem hægt er að bæta stöðu félagsmanna.

Samstaða er sterkasta vopnið

Því miður hefur núrverandi formanni ekki tekist að leiða stjórn félagsins saman með þeim hætti sem nauðsynlegt er til heilla fyrir félagsmenn. Mörg mál hafa verið rekin í fjölmöldum þar sem stór orð hafa verið látin falla í stað þess að þau séu leyst með yfirveguðum hætti á vettvangi félagsins. Nú skiptir öllu máli að forysta VR sýni hvað í henni og félaginu býr og taki forystu á vettvangi launþegahreyfingarinnar. Það er hægt ef fólk er tilbúið að snúa bökum saman í baráttunni fyrir félagsmenn VR. Starfsmenn félagsins, trúnaðarráðið, trúnaðarmenn á vinnustöðum og almennir félagsmenn geta lyft grettistaki ef stefnan er sett á þau verkefni sem mest knýjandi eru.

Kjóssum formann sem þorir

Félagsmenn í VR kalla eftir því að félagið sýni sinn fyrri styrk. Félagsmenn kalla eftir því að forysta félagsins þori að taka á þeim málum sem helst brenna á launafólki þessa dagana og sýni myndugleik í þeirri baráttu. Nú þarf formann sem er tilbúinn til að berjast fyrir VR og einhendir sér í þau verkefni sem varða stærstu og mikilvægustu hagsmunamál félagsmanna.



**Ásta Rut
Jónasdóttir**

Fæðingardagur og ár
27. febrúar 1974

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
ajonasdottir@actavis.com

Vinnustaður, starf og menntun

Actavis, verkefnastjóri, stjórnmaláfræðingur.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég hef ávallt haft mikinn áhuga á félagsmálum. Ég hef setið í stjórn VR sl. tvö ár og hef verið í rúmt ár sem varaformaður félagsins. Var valin í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sumarið 2009.

Sat í stjórn félags Framsóknarkvenna í Reykjavík og er varapingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavíkurborg norður. Á sæti í stjórn ISAVIA. Jafnframt hef ég tekið þátt í margvíslegu félagsstarfi á vinnustað og í foreldrastarfi.

Helstu áherslur

Hef verið trúnaðarmaður undanfarin fjögur ár og öryggistrúnaðarmaður. Einnig hef ég verið í trúnaðarráði VR í þrjú ár og setið tvö þing ASÍ. Síðast en ekki síst hef ég verið í stjórn knattspyrnudeildar Fjölnis í tvö ár og einnig í foreldraráði yngri flokka Fjölnis og fararstjóri í unglingsstarfi.



**Benedikt
Vilhjálmsson**

Fæðingardagur og ár
13. september 1948

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
bv@falkinn.is

Vinnustaður, starf og menntun

Fálkinn, viðskiptastjóri.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég hef verið félagsmaður í VR frá 1970 og sótt flesta fundi á vegum VR síðan. Trúnaðarmaður frá 1983; í trúnaðarráði frá 1984; stjórn VR frá 1989; stjórn Sjúkrasjóðs 1993 – 2001; varamaður í stjórn orlofssjóðs 1990 og formaður frá 2002. Í stjórn LÍV frá 1997, stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna frá 2004 og áður varamaður í nokkur ár. Sat í stjórn handknattleiksdeildar Breiðabliks og hef setið sóknarnefnd Kársnessóknar frá 2008.

Helstu áherslur

Mér eru orlofsmálin hugleikin enda starfað lengi að þeim innan félagsins. Ég hef áhuga á að fylgja eftir þeim framkvæmdum sem eru í gangi við tjaldsvæði í Miðhúsum. Á næstu 3 árum er áframhaldandi uppbygging á svæðinu vegana 120 milljóna framlags félagsins til orlofsmála í Miðhúsum.

Almenn kjarabaráttan verður í brennidepli og reynsla mín af störfum samninganefndar er því að líkindum notadrjúg. Þá hef ég mikinn áhuga á að starfa áfram að lífeyrismálum.

Nú í fyrsta skipti er kosið til stjórnar samkvæmt fléttulista til að jafna kynjahlutfall. Líka er æskilegt að stjórn sé blönduð hvað varðar aldur og reynslu og tel ég mig vera reyndan fulltrúa eldri kynslóðarinnar. Ég hef tíma og áhuga á að starfa áfram fyrir VR að góðum málum með öflugum fólki.



Benóný Valur Jakobsson

Fæðingardagur og ár

2. júlí 1968

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

bogf@mi.is

benni@66north.is

www.benony.is

Vinnustaður, starf og menntun

Sölufulltrúi hjá Sjóklæðagerðinni/66°Norður

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég hef frá unga aldri verið mjög virkur í félagsstörfum, var formaður nemendaráðs Laugaskóla, formaður Félags ungra jafnaðarmanna á Norðurlandi eystra, sat í stjórn Félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, er í dag formaður Fálkanna stuðningsfélags við barna og unglingastarf í Val. Hef auk þess setið í fjöldanum öllum af foreldraráðum og farið æði margar fararstjóra ferðir með yngri flokka í íþróttum. Trúnaðarmaður hjá Sjóklæðagerðinni síðastliðin tvö ár. Setið í trúnaðarráði VR síðastliðið ár.

Helstu áherslur

Ég býð mig fram til að leggja mitt af mörkum við það gera VR að því verkalýðsfélagi sem það á að vera. Ég hef ekki trú á lýðskrumi og upphrópunum í kjaramálum. Hagsmunum okkar er betur borgið til langs tíma með því að taka ábyrg, hnitmiðuð og vel ígrunduð skref til kaupmáttaraukningar í samvinnu við vinnuveitendur og stjórnvöld. Ég er trúnaðarmaður í þekkingarfyrirtæki og legg sérstaka áherslu á uppbyggingu í þeim geira. Skammtalækningar í íslensku hagkerfi duga lítt. Við verðum að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf til framtíðar með festu í sterkum gjaldmiðli og stöðugu efnahagslífi. Þannig tryggjum við okkur stöðu í alþjóðlegum viðskiptum og vinnum aftur þann kaupmátt sem við höfum tapað á undanförunum árum. Vinnum saman að því að efla okkar hag. Þinn hagur er minn hagur.



Birgir Már Guðmundsson

Fæðingardagur og ár

4. janúar 1966

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

bmg66@internet.is

www.birgir-vr.com

Vinnustaður, starf og menntun

Fulltrúi hjá SORPU bs. Ég er viðskiptafræðingur, útskrifaður frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst árið 2003. Ég hef lokið bæði grunn- og sérnámi frá Tryggingaskóla SÍT (Samband Íslenskra Tryggingafélaga). Ég hef einnig lokið ýmsum námskeiðum tengdum gæðastjórnun og verkefnastjórnun frá Endurmenntunarstofnun HÍ og Impru. Mitt aðalstarf hjá SORPU bs. er að annast umsjón með tæknimálum, samningagerð og samskipti við byrgja og þjónustuaðila.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég er trúnaðarmaður VR á skrifstofu SORPU og hef verið það frá árinu 2006. Ég hef alla tíð verið mjög virkur í félagsmálum og setið í stjórnnum ýmissa félaga, má þar nefna BÍSN (Bandalag íslenskra námsmanna), BN (Byggingafélag námsmanna), Málfundafélagið Óðinn (félag launþega í röðum Sjálfstæðisflokksins) og Verkalýðsráð Sjálfstæðismanna.

Helstu áherslur

Hljóti ég kosningu til stjórnar VR þá mun ég beita mér fyrir því að almennir félagsmenn komi í auknum mæli að stefnumótun félagsins, markmiðasetningu og vali á forustu þess. Mín skoðun er sú að stjórn verkalýðsfélags eigi að taka skipunum að neðan, það er að segja útfæra vilja almennra félagsmanna á gegnsæjan og virkan hátt. Þar vil ég leggja höfuðáherslu á að virkja trúnaðarmenn VR meira en gert hefur verið og fjölga í röðum þeirra. Í hópi trúnaðarmanna er fólgin auður félagsins og ómissandi tenging félagsins við félagsmenn úti á vinnumarkaðinum. Einnig set ég áherslu á að nauðsyn þess að vinna aftur það góða orðspor og það traust sem VR á skilið. Með vali á réttu fólki, jákvæðni að leiðarljósi og samstöðu okkar allra mun það takast.



Bjarki Steingrímsson

Fæðingardagur og ár
15. júlí 1972

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður
bjarkis@live.com
www.hjariveraldar.is/bjarki

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla
Stjórnarmaður og fyrrum varaformaður VR.

Helstu áherslur

Kæru félagsmenn, ég hef setið í stjórn VR síðastliðin tvö ár. Ég tók virkan þátt í að gera fyrstu allsherjarkosningar VR til stjórnar og formanns að veruleika, árið 2009. Markmið mitt er að félagið okkar verði fyrirmynd annarra í enduruppbyggingu landsins. Bæði hvað varðar meðferð á fjármunum félagsmanna, þar sem gagnsæi er lykilatriði og í málefnum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, þar sem sjóðsfélagar allir hafa orðið fyrir skerðingu á sínum réttindum.

Ég vil sjá sterkt stéttarfélag sem stendur á bakvið sína félagsmenn og er ég tilbúin að takast áfram á við þau verkefni. Óska ég því eftir stuðningi þínum í komandi stjórnarkosningum þar sem mikilvægt starf er framundan og aldrei mikilvægara en nú að félagið standi þétt á bakvið félagsmenn sína.



Bjarni Þór Sigurðsson

Fæðingardagur og ár
4. september 1958

Félagssvæði:
Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíða
bjarnithor@365.is
www.bjarnivr.wordpress.com

Vinnustaður, starf og menntun

Eftir MH hóf ég nám í kvikmyndagerð við kvikmyndaskólann Conservatoire Libre du Cinéma Français til 1985. Eftir útskrift starfaði ég meðal annars fyrir frönsku sjónvarpsstöðina TV2, RÚV og Stöð 2 og sjálfstætt við kvikmynda-, auglýsinga og þáttagerð. Í dag er ég verkefnastjóri hjá 365 hf.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Var í hverfaráði Mið- og Vesturbæjar, sit í stjórn Gríms. Markmið Gríms er að stuðla að virku íbúalýðræði og að borgararnir geti haft áhrif á nærumhverfi sitt. Ég er varamaður í stjórn ÍTR. Ég hef stundað nám með starfi í Viðskiptadeild Háskóla Íslands. Ég hef verið í VR frá 1999. Var kjörinn í trúnaðaráð VR árið 2009 og varamaður í stjórn VR 2010 til 2011.

Helstu áherslur

VR hefur verið leiðandi stéttarfélag í 120 ár. Í þeim anda lagði ég fram tillögu um stofnum Húsnæðisfélags VR á stjórnarfundum í janúar ásamt Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur. Tillagan var samþykkt einróma.

Markmið félagsins á að vera að kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði til leigu eða búseturéttar fyrir félagsmenn VR án tillits til aldurs eða tekna. Ekki væri um félagslegt húsnæði að ræða, heldur áhugaverðan kost til hliðar við séreignarkerfið fyrir VR félag, sem ekki geta eða vilja binda fjármagn í eigin húsnæði.

Í ljósi aðstæðna í Þjóðfélaginu og á fasteignamarkaði tel ég að þetta sé einstakt tækifæri fyrir öflugt félag eins og VR. Með fjárfestingu á þessum tímamarki í fasteignum sem einnig nýtast félagsmönnum eru slegnar tvær flugur í höggi.

Ég óska eftir stuðningi ykkar félagsmanna í VR til að klára þetta mál. Jákvæðar og uppbyggilegar fréttir af VR er það sem við þurfum.



Eyrún Ingadóttir

Fæðingardagur og ár

26. september 1967

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

eyruni@heima.is

Vinnustaður, starf og menntun

Starfsmaður félagsdeildar Lögmannafélags Íslands í 50% starfi og framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands í 25% starfi. Sagnfræðingur með diploma í stjórnun og starfsmannamálum frá EHI.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla:

Forseti Spilaklúbbsins Ópokka, fyrrverandi kammerjómfrú Hins konunglega fjelags, stofnandi og stjórnarmaður í Heimafæðingarfélaginu þegar það var og hét. Var framkvæmdastjóri Landssambands sendibifreiðastjóra 1996-2002, höfundur fimm bóka; Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur í 50 ár, Að Laugarvatni í ljúfum draumi: Saga Húsmæðraskóla Suðurlands, Gengið á brattann: Ævisaga Eyjólfssonar alkakrækis, Ríkey ráðagóða og Sagnamaðurinn Örn Clausen segir sögur af samferðafólki. Meðritstjóri bókarinnar: Konur með einn í útvíkkun fá enga samúð ásamt Margréti Jónsdóttur, Sóleyju Tómasdóttur og Svandísi Svavarsdóttur.

Helstu áherslur

Ég vil standa vörð um VR og gera félagið aftur að öflugasta og framsæknasta verkalýðsfélagi landsins.

Stjórn VR þarf að vera skipuð fólki sem getur unnið saman að hagamunamálum félagsmanna. Sú óeining og innbyrðis átök sem átt hafa sér stað innan stjórnar sl. tvö ár er óásættanleg og hefur gert það að verkum að félagið er að molna innan frá.

Ég vil að VR aðstoði félagsmenn til að þróa sig áfram í starfi með því að auka endurmenntun starfsgreina innan félagsins. Til dæmis þyrfti að fá þá stjórnendur sem hafa náð því að vera í forystu í vali á fyrirtæki ársins til að halda námskeið fyrir aðra stjórnendur þar sem þeir miðla af þekkingu sinni og reynslu. Fátt kæmi sér betur fyrir félagsmenn VR en að gera yfirmenn þeirra betri!

Gerum VR aftur að félagi sem við getum verið stolt af.



Guðmundur Ingi Kristinsson

Fæðingardagur og ár

14. júlí 1955

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

gik@simnet.is

gik.blog.is

Vinnustaður og starf, menntun

Öryrki eftir umferðaslys á leið heim úr vinnu (Brynja Laugavegi 29, Rvk.) og í 100% rétti. Vann í Brynju í rúm 12 ár og þar áður sem lögreglumaður í um 7 ár í Grindavík og Keflavík. Ármúlaskóli trésmíðadeild, Iðnskólinn Reykjavík trésmíði, NTV skrifstofu og tölvunám, netsíðu og mynndvinnsla.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Í VR í um 20 ár og þar af sem öryrki í um 8 ár. Varð aftur virkur félagi í maí 2003, eftir baráttu fyrir því að öryrkjum væri heimilt að vera VR félagi eftir örorku við slys eða veikindi. Ég borga 1% af lífeyrissjóðsgreiðslum í félagsgjald. Var virkur í Trúnaðarráði, en maður er útilokaður frá því við það eitt að fara í framboð til stjórnar og þá einnig ASÍ þingi og fl. Hvers vegna? Er stjórnaformaður í BÓT félagi sem berst fyrir bættu samfélagi og sameinar í fyrsta sinn atvinnuleysis-, lífeyris-, örorku- og félagsbótaþega (láglaunaþega). BÓT segir burt með fátækt og að lágmarksframfærslan verði hækkuð og allir bótaþegar og einnig láglaunafólk eigi fyrir húsnæði, mat, lyfjum, heilbr. þj. og geti lífað mannsæmandi lífi. Ég hef aldrei verið skráður í stjórn málaflökk eða stjórn málasamtök.

Helstu áherslur

„Þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds en njóta ekki kjörgengis til stjórnar í félaginu.“ Þetta var tillaga formanns, varaformanns og stjórnar VR til lagabreytinga. Hvers vegna? Gegn svona óvirðingu og óréttlæti mun ég berjast. Einnig hækkan skattleysismarka og að hætta að skatta fátækt. Barnabætur eru fyrir börn og á ekki að skerðast við lágmarkslaun. Burt með prósentuhækkun launa sem gefur kr. 14.000.- fyrir láglaunaþegann, en kr. 140.000.- fyrir hálaunasérann. Kr. 101.000.- á línuna, eins og dómara fengu. Stöðva strax ómannúðlegar skerðingar á lífeyrissjóðsgreiðslum ellífeyrisþega (afar, ömmur) og öryrkja. Sömu lífeyrisréttindi fyrir alla. Bara VR félagi í stjórn Live. Virðingu og réttlæti fyrir alla.



Gunnar Heiðberg Gestsson

Fæðingardagur og ár

3. apríl 1966

Félagssvæði

Austurland

Netfang

gunnarg8@gmail.com

Vinnustaður og starf, menntun

Ískraft, Egilsstöðum, sölumaður. Skyldunám.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég er fæddur og uppalinn á Austurlandi, fluttist til Danmerkur sumarið 1995 og flutti aftur heim 2001. Hef starfað við verslun og þjónustu síðan 2001. Hef starfað með Leikfélagi Fljótsdalshéraðs síðan 2002 og er starfandi formaður félagsins.

Hef einnig leiðbeint 9. og 10. bekk Grunnskóla Egilsstaða í leiklist veturna 2009 og 2010. Var varamaður í stjórn Verslunarmannafélags Austurlands frá 2005 til júní 2008 en þá sameinaðist félagið VR. Hef verið aðalmaður í stjórn deildar VR á Austurlandi frá þeim tíma. Hef setið þing LÍV og ársfundi ASÍ og verið í Trúnaðarráði VR frá nýársfundi 2010.

Helstu áherslur

Síðustu tvö ár hafa verið ár átaka hjá stjórn VR. Þau átök hafa ekki snúist um að bæta kjör félagsmanna og styrkja félagið, heldur hafa þau veikt félagið. Það þarf sterkt félag til að standa í kjarabaráttu fyrir félagsmenn. Ef við viljum sterkt VR þá þarf stjórn að vinna saman. Ég tel að fjölbreytt starfsreynsla, ásamt reynslu minni af félagsmálum, muni verða styrkur inn í stjórn VR. Mínar áherslur eru að sjálfsögðu að vinna að bættum kjörum félagsmanna og í félagi eins og VR, þar sem félagsmenn eru af öllu landinu, finnst mér mikilvægt að fulltrúi af landsbyggðinni sitji í stjórn.



Jónas Pétur Hreinsson

Fæðingardagur og ár

3. júlí 1960

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

jonashreinsson@me.com

Vinnustaður og starf, menntun

Atvinnulaus og hef verið það síðan í árslok 2008. Er menntaður lönrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands (núna Tækniháskóla Íslands) ásamt menntun í almannatengslum við Gautaborgar háskóla.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Það hefur svo sem ekki farið mikið fyrir einhverju félagsstarfi hjá mér í gegnum tíðina. Upp á síðkastið hef ég þó verið virkari og bauð mig meðal annars fram til stjórnlagapings þar sem ég lagði áherslu á málefni sem voru mitt hjartans mál og tilhefryri Stjórnarkrárfélaginu. Í gegnum tíðina hef ég unnið við grafíska hönnun, auglýsingagerð og markaðsmál án þess þó að hafa einhverja prófgráðu í grafískri hönnun.

Helstu áherslur

Ég lagði af stað í þetta framboð án þess að hafa fastmótaða stefnu. Í þjóðfélaginu okkar, eins og staðan er í dag, þarf virkilega að taka til hendinni við að leiðrétta kjör þeirra sem skarðan hlut bera frá borði. Ég tel mig hafa það sem þarft til að standa í þeirri baráttu.

Núna nýverið var birt skýrsla, sem lengi hefur verið beðið eftir, um neyslviðmið hér á landi. Svo virðist sem yfirvöld viti ekki alveg hvað gera eigi við þessa skýrslu. Ég vil móta stefnu um notkun hennar og gera þessi neyslviðmið að launaviðmiðum. VR á að setja sig í leiðandi stöðu þegar kemur að innleiðslu þess og vera í fararbroddi við að vísa á lausnir og möguleika í atvinnumálum.

Það er ekki nóg að sitja hjá og bíða eftir að stjórnvöld ákveði hvað eigi að gera, heldur að ryðja brautina fyrir þau, félagsmenn okkar og aðra launþega í landinu.



Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár

19. maí 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

frambod2011@gmail.com

Facebook

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Vinnustaður og starf, menntun

A4 Skrifstofa og skóli, sölurágjafi. Ég hef unnið við sölustörf síðastliðin 10 ár. Bæði í heildsölu og smásölu.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Ég hef verið trúnaðarmaður hjá VR síðan haustið 2006. Ég var í trúnaðarráði VR 2007-2009 og aftur 2010-2011. Ég hef verið mjög virk í starfi trúnaðarráðs. Ég sat ársfund ASÍ síðastliðið haust á vegum VR. Ég er líka formaður foreldrafélagsins í leikskóla dóttur minnar, ég hef verið í stjórn foreldrafélagsins í 4 ár.

Helstu áherslur

Helstu áherslur mínar í framboði til stjórnar hjá VR eru að ná sáttum og friði í stjórninni. Það þarf að vera einhuga stjórn sem starfar saman sem ein heild í þágu allra félagsmanna.

Ég vil að félagsmenn verði aftur stoltir af félaginu sínu, að þeir vilji og geti leitað þangað með spurningar og aðstoð af ýmsu tagi. Ég vil berjast fyrir hærri lágmarkslaunum og minnka stéttaskiptinguna sem er að myndast í samfélaginu. Tryggja jöfn lífeyrisréttindi allra landsmanna.



Óskar Kristjánsson

Fæðingardagur og ár

14. ágúst 1959

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

oskark@vis.is

oskark@hotmail.com

heidabj@internet.is

Vinnustaður og starf, menntun

Vátryggingafélag Íslands, fyrirtækjaráðgjafi. Bifreiðasmiður að mennt. Sveinn í bifreiðasmíði 1978-1982 og tryggingaskóli.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Var í stjórn meistaraflokks FjölNis í Grafarvogi 1999-2000, Trúnaðarráð VR 2005-2009, Formaður foreldraráðs FjölNis í Grafarvogi 2007-2008, Stjórnarmaður í VR 2009-2011, setið ársþing ASÍ tvisvar sinnum og ársþing LÍV, miðstjórn ASÍ, stjórn Sjúkrasjóðs VR, Orlofsstjórn VR, varamaður í stjórn LV.

Starfaði hjá Brimborg, við sölu nýrra og notaðra bíla 1985-2000. Hjá Samvinnutryggingum GT. 1983-1985. Hjá Sanitas hf. útkeyrsla 1976-1978.

Helstu áherslur

Kjaramál almennt. Bæta þarf kjör okkar félagsmanna einnig þarf að jafna launamun kynjanna.

Orlofsmálin vil ég leggja enn frekari áherslu með því að bæta aðstöðuna í Miðhúsaskógi og fjölga húsum fyrir félagsmenn víða á landsbyggðinni.

Húsnæðismál eru mér ofarlega í huga. Ég vil leggja áherslu á húsnæðismál með því að efla leigumarkaðinn og kanna hvort VR geti ekki tekið þátt í að byggja upp sterkan leigumarkað fyrir sína félagsmenn. Þörfin fyrir öflugan leigumarkað hefur aldrei verið meiri en nú og ekki geta allir eignast þak yfir höfðið og þá er virkilega þörf fyrir að geta boðið upp á sanngjarnan leigumarkað.

Sjúkrasjóðurinn þarf að vera í stöðugri þróun og uppbyggingu svo að hann nýtist sem flestum sem þurfa á öflugri þjónustu hans að halda. Það hefur sýnt sig svo um munar að sjúkrasjóðurinn er öflugur bakhjarl þegar á reynir. VR á að vera leiðandi afl í kjaramálum og öllu sem eflir kjör og afkomu félagsmanna. VR á að hafa skoðanir á öllu sem kemur félagsmönnum til góða og vera fyrirmynd annarra stéttarféлага og baráttusamtaka í landinu.



**Pálmey Helga
Gísladóttir**

Fæðingardagur og ár

3. nóvember 1954

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

phg@simnet.is
vrframbod.blogspot.com

Vinnustaður og starf, menntun

Atvinnuleitandi. Lyfjatæknir frá Lyfjatæknafélagi Íslands. Tölvu og bókhaldsnám Nýja Tölvuskólanum. Námskeiðið Rekspölur og framrás á vegum SFR. Leiðtoganámskeið hjá Háskóla Íslands. Sótt ýmis félagsleg námskeið á vegum VR.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Var trúnaðarmaður í Grafarvogsapóteki. Trúnaðarráðsmaður frá 2010 og verið mjög virk innan þess. Starfaði fyrir Lyfjatæknafélag Íslands í blaðstjórn.

Ég hef verið félagi í Lions klúbbnum Fold síðan 1993. Verið formaður, gjaldkeri og formaður nefnda innan klúbbsins og mjög virk í starfi innan Lions. Ég hef setið í sóknarnefnd Grafarholtssóknar undanfarið 4 ár.

Helstu áherslur

Ég mun leggja áherslu á að vinna af fagmennsku og heiðarleika í þeim málum sem varðar hagsmuni félagsmanna VR. Ég vil sjá VR rísa á ný undir einkunnarorðum sínum virðing, traust og réttlæti. Að við leggjum til hliðar alla flokkadrætti og vinnum af fagmennsku og heilindum fyrir félagið okkar.

Ég vil sjá fólk við stjórnvölinn hjá VR sem veit hvað það er að lifa af lámarkslaunum. Ég vil að við stöndum vörð um réttindi félagsmanna. Komum á raunhæfum kjarabótum og vinnum að launajöfnuði. Ég vil leggja áherslu á að launaleynd verði afnumin og starfsöryggi verði tryggt. Að við tryggjum þeim félagsmönnum VR sem hafa lokið starfsævinni annaðhvort fyrir aldurs sakir eða af öðrum orsökum öruggan og mannsæmandi lífeyri.



**Ragnar Þór
Ingólfsson**

Fæðingardagur og ár

17. maí 1973

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

ragnar@orninn.is
ragnar73.blog.is

Vinnustaður og starf, menntun

Örninn, Sölustjóri. Fjölbrautarskólinn í Breiðholti, Hef undanfarin ár stúderað íslenska lífeyrissjóðakerfið og skrifað fjölda greina tengdri þeirri vinnu.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Setið í Stjórn VR síðastliðin 2 ár, sat í síðanefnd VR, í nemendaráði Fjölbrautaskólans í Breiðholti, setið í stjórnnum fyrirtækja en ekki síðastliðin 3 ár. Kom að framboði Borgarahreyfingarinnar fyrir síðustu kosningar og sat þar í stjórn tímabundið, er virkur meðlimur í Hagsmunasamtökum heimilanna og er meðal annars í verðtryggingateymi HH.

Helstu áherslur

Helstu áherslur mínar eru þær sömu og ég hef barist fyrir í stjórn VR síðastliðin 2 ár og mun beita mér í þeim málum af sömu festu og ég hef gert.

Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga.

Að opinber rannsókn fari fram á þætti lífeyrissjóðanna við hrun fjármálamarkaða.

Að áhersla verði lögð á fækkun lífeyrissjóða og hagræðingar í kerfinu. Einnig að réttindi verði jöfnuð og aukið lýðræði við kjör í stjórnir sjóðanna.

Ég mun beita mér fyrir áframhaldandi stuðningi félagsins við kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna.

Ég mun beita mér fyrir því að skýr neysluviðmið verði reiknuð sem verði svo grunnurinn að lágmarks kröfum okkar.

Ég mun beita mér, með sama áberandi hætti, gegn grímulausu óréttlætinu sem launafólk hefur mátt þola í kjölfar hrunsins og gera VR að sterkri rödd í ærandi þögn verkalýðshreyfingarinnar.



Þórir Traustason

Fæðingardagur og ár

2. desember 1977

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

thorirt@ruv.is

Vinnustaður og starf, menntun

Ríkisútvarpið, markaðsfulltrúi, 3 ár í fjölmiðlafræði FB ,
1.stig vélstjórnar.

Reynsla af félagsstörfum og önnur starfsreynsla

Aðalstjórn SÁÁ, rekstrarstjóri Kaffi Edinborgar á Ísafirði,
fréttamaður Ríkisútvarpsins sumarið 2007, ýmis önnur störf.

Helstu áherslur

Í dag sem aldrei fyrr er þörf fyrir breytingar í íslensku samfélagi.
Breytingar þar sem hinn almenni borgari, almenni félagsmaður
kemur að máli. VR er þar ekki undanskilið.

Ég býð mig fram til stjórnar VR þar sem ég tel að hinn almenni
félagsmaður hafi setið á hakanum undanfarin ár og löngu tímabært
að félaginu verði skilað aftur til fólksins.

Ég býð mig fram sem venjulegur félagsmaður og vil taka þátt í að
byggja upp það réttlæti og þá virðingu sem að þetta félag á að
standa fyrir. Þá vil ég að hver og einn félagsmaður geti verið stoltur
af því að vera meðlimur í VR.

Ég býð mig fram því ég vil stéttarfélag sem hefur ekkert að fela.
Stéttarfélag þar sem stjórnin berst fyrir réttindum og kjörum
félagsmanna en ekki innbyrðis. Stéttarfélag sem er stjórnað af
fólkinu. Stéttarfélag sem ég get verið stoltur af.

Trúnaðarráð VR

Ekkert móttframboð barst gegn lista uppstillinganefndar VR til trúnaðarráðs og telst hann því sjálfkjörinn.

Trúnaðarráð til eins árs er sem hér segir:

Alda Særún Guðbjörnsdóttir	Rekstrarvörur ehf.	Jóhann Pétur Jónsson	N1 hf.
Alexander Þórsson	Þ.Porgrímsson og Co ehf.	Kristín Gísladóttir	Bóksala stúdenta
Arngrímur Friðrik Pálmason		Linda Björk Hávarðardóttir	Iceland Excursions Allrahan ehf.
Ágústa Harðardóttir	Johan Rönning hf.	Magnea Jenny Guðmundard.	S4S ehf.
Benedikt Geirsson	Ístak hf.	Magnús Haukur Lárusson	N1 hf.
Berglind Rós Guðmundsdóttir		Magnús Þorsteinsson	Íslandsspil sf.
Eðvald Geirsson	Danfoss hf.	Margrét Eiríksdóttir	Nói-Síríus hf.
Einar Jón Másson	Verslunarfélagið Iða ehf.	Ólafur Hrafn Traustason	Þ.Porgrímsson og Co ehf.
Esther Judith Steinsson	Listaháskóli Íslands	Ólöf Snæhólm Baldursdóttir	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Gísli Friðrik Ágústsson	Byko ehf.	Óskar Guðmundsson	Samskip hf.
Guðjón Steinarsson	Gámaþjónustan hf.	Ragnar Borgþórsson	Hekla ehf.
Guðmundur Aðalsteinsson	Bananar ehf.	Sigurbjörg Jónsdóttir	Byko ehf.
Guðrún Rósa Gunnarsdóttir	ILVA ehf.	Snjólaug Einarsdóttir	Árvakur hf.
Guðrún Þórsdóttir	Guðmundur Jónasson ehf.	Steinunn Helga Óskarsdóttir	Actavis Group PTC ehf.
Hafðís Bára Bjarnadóttir	Kaupás hf.	Tinna Mjöll Karlsdóttir	HugurAx ehf.
Hafðís Erla Kristinsdóttir	Icelandair ehf.	Trausti Guðmundsson	Og fjarskipti ehf.
Helena Björg Garðarsdóttir	Actavis hf.	Unnur Elva Arnardóttir	Samfylkingin
Helga Bryndís Jónsdóttir	Reykjavík Excursions ehf.	Þorgerður Jóhannsdóttir	Bláfugl ehf.
Ingólfur Kristmundsson	Olíuverslun Íslands hf.	Þorvaldur Haraldsson	Samskipti ehf.
Jóhann Óskar Þórólfsson	Byko ehf.	Þórður Mar Sigurðsson	

Trúnaðarráð til tveggja ára er sem hér segir:

Anna Þórðardóttir Bachmann	Parlogis ehf.	Jón Ingi Kristjánsson	Ingvar Helgason ehf.
Benedikt Ragnarsson	Olíuverslun Íslands hf.	Júlíana Pálsdóttir	Sameignarfélag Ölfusborga
Björk Bjarkadóttir	Iceland Travel ehf.	María Jóna Hauksdóttir	Friðrik Skúlason ehf.
Eygló Friðriksdóttir	Eskja hf.	Michele Rebora	7.is ehf.
Guðmundur J Jónsson	Borgun hf.	Ólafur Reimar Gunnarsson	Ernst & Young hf.
Guðrún Indriðadóttir	Cabin ehf.	Petrína Ragna Pétursdóttir	Kökubankinn ehf.
Guðrún Jóhannsdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf.	Ragnar Engilbertsson	
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir	Icepharma hf.	Sesselja Jónsdóttir	Penninn á Íslandi ehf.
Gunnar Böðvarsson	Höldur ehf.	Sigurbjörg Þorláksdóttir	Klif ehf.
Gunnar Helgi Guðmundsson	Byko ehf.	Stefán Viðar Egilsson	Tengi ehf.
Halla Guðrún Jónsdóttir	Borgun hf.	Steinþór Ásgeirsson	Kortþjónustan hf.
Halldór Halldórsson	Bókhald og Uppgjör ehf.	Sveinbjörn F Pétursson	
Haukur Jónsson	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Sveinbjörn Hannesson	Vátryggingafélag Íslands hf.
Helga Eglu Björnsdóttir	Icelandair ehf.	Sæmundur Karl Jóhannesson	N1 hf.
Hreinn Sigmarsson	Skyggir ehf upplýsingaþjónusta	Valur Magnús Valtýsson	Barki ehf.
Inga Jóhannsdóttir	Húsasmiðjan ehf.	Valva Árnadóttir	Penninn á Íslandi ehf.
Ingibjörg Ólafsdóttir	Vátryggingafélag Íslands hf.	Þorlákur Jóhannsson	Guðmundur Arason ehf.
Ingimar Þorsteinsson	Marel Iceland ehf.	Þorsteinn Þórólfsson	Húsasmiðjan ehf.
Jóhann Már Sigurbjörnsson	Bændasamtök Íslands	Þórhildur Ragna Karlsdóttir	Húsasmiðjan ehf.
Jón Hrafn Guðjónsson	Flügger ehf.	Þröstur Valgarðsson	Samskipti ehf.

Sæti deilda VR í trúnaðarráði er sem hér segir:

Fulltrúi Austurlands til setu í eitt ár er Kristín María Björnsdóttir	VR, Austurlandi
Fulltrúi Vestmannaeyja til setu í tvö ár er Guðrún Erlingsdóttir	VR, Vestmannaeyjum

Kosningafundir

Fundir vegna komandi kosninga til formanns og stjórnarsetu í VR verða haldnir á næstu dögum. Fyrir landsbyggðina verður fjarfundur 14. mars og 15. mars verður fundur á Hilton Nordica Hótel fyrir félagsmenn VR í Reykjavík og nágrenni. Á fundunum verður frambjóðendum gefinn kostur á að tjá sig um stefnumál sín og áherslur og félagsmenn fá tækifæri til að spyrja þá spjörunum úr. Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Fundurinn í Reykjavík verður tekinn upp og verður aðgengilegur á Mínum síðum á www.vr.is meðan á kjörfundi stendur.

Kosningar hefjast kl. 9:00 að morgni þann 16. mars nk. og standa til kl. 12:00 á hádegi þann 30. mars.

Fundirnir verða sem hér segir:

Reykjavík og nágrenni

Félagsfundur VR verður haldinn á Hilton Nordica Hótel þriðjudaginn 15. mars nk. kl. 19:30.

Dagskrá

Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa fyrir félagið.
Fyrirspurnir og umræður.

Á landsbyggðinni

Félagsfundur VR fyrir félagsmenn á landsbyggðinni verður sendur út gegnum fjarfundabúnað á skrifstofum VR mánudaginn 14. mars kl. 19:00.

Akranes – að Kirkjubraut 40

Egilsstaðir – að Kaupvangi 3b

Vestmannaeyjar – að Strandvegi 54

Dagskrá

Kynning á frambjóðendum til trúnaðarstarfa fyrir félagið.
Fyrirspurnir og umræður.

Þar sem boðið verður upp á veitingar er æskilegt að fólk skrái sig á netfangið vr@vr.is eða í þjónustuveri VR í síma 510 1700.

Úr lögum VR um kosningar í VR

20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs.

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu og hálftrúnaðarráð kosið til tveggja ára. Viðhafa skal listakosningu til trúnaðarráðs. Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru eða fleiri listar skal viðhafa rafræna kosningu meðal allra félagsmanna og skal kosning standa yfir í tvær vikur. Kynningar-síða fyrir frambjóðendum skal vera til staðar á heimasíðu VR.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur og rennur út eigi síðar en tveimur vikum fyrir félagsfund fyrir lok janúar ár hvert. Félagsfundur er kynningarfundur á frambjóðendum. Ekki er kosið á fundinum. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 5 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í trúnaðarráði. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Fimm manna uppstillinganefnd, skipað formanni og fjórum kosnum af trúnaðarráði og tveimur til vara, annast undirbúning kynningar á frambjóðendum. Formaður félagsins skal kalla nefndina saman í fyrsta sinn eftir að hún hefur verið kosin og skiptir hún með sér verkum á fyrsta fundi. Nefndin skal fara yfir framboðin til að kanna lögmæti þeirra og meðmælenda. Nefndin skal gefa sólarhringsfrest ef lagfæra þarf framboðin.

Uppstillinganefnd stillir upp 40 manna lista við kosningu trúnaðarráðs. Er hann sjálfkjörinn ef ekki kemur annað framboð.

Framboðsfrestur fyrir listaframboð gegn lista uppstillinganefndar skal auglýstur innan viku frá því hann kemur fram og vera a.m.k. tvær vikur. Skriflegt samþykki allra þeirra sem í kjöri eru skal liggja fyrir þegar listi er fram borinn. Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn úrskurðar um hvort einstaklingsframboð séu rétt fram borin og sér um framkvæmd kosninga.

Atkvæðaseðill og kosningar – stjórn

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrósröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Atkvæðaseðill og kosningar – trúnaðarráð

Á kjörseðli er trúnaðarráði raðað upp í stafrósröð. Séu fleiri listar þarf að merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig og kosið er á sama hátt til stjórnar.

Til bráðabirgða við kosningar 2011

Skipta skal lista til trúnaðarráðs í tvo hluta, þ.e. 40 og 40 og kosið um báða, annan til 2ja ára og hinn til eins árs. Auk þess skal einn fulltrúi frá deild VR í Vestmannaeyjum eiga sæti í trúnaðarráði og einn frá deild VR á Egilsstöðum. Samtals er því kosið um 82.

Félagsmenn VR eru ekki einir á báti í langvarandi veikindum.



Sjúkrasjóður VR er þér stoð og stytta á erfiðum tímum.

Langvarandi veikindi geta haft afgerandi áhrif á líf og afkomu fólks. Starfandi VR félagar sem eiga við veikindi að stríða eiga rétt á greiðslum frá vinnuveitanda úr Sjúkrasjóði VR í tiltekinn tíma.

Kynntu þér Sjúkrasjóðinn á www.vr.is

Næstu hádegisfyrirlestrar

Stökktu!

Fimmtudaginn 17. mars

Fyrirlesari: Guðjón Svansson

Stökktu! er fyrirlestur sem hvetur fólk til að taka stjórnina í eigin lífi og láta drauma sína rætast. Í ágúst 2008 lagði fimm manna fjölskylda af stað í árs heimsreisu. Þau fóru af án þess að vita nákvæmlega hvert stefndi og hvað tæki við þegar þau kæmu til baka. Þau tókust á við margar áskoranir og komu til baka með mikið af stórkostlegum minningum, nýjum vinum og aukinni þekkingu og reynslu. Fjölskyldan sannaði fyrir sjálfum sér og öðrum að það er ekki svo erfitt að láta drauma sína rætast. Guðjón miðlar hér af reynslu fjölskyldunnar með það fyrir augum að vera öðrum hvatning.

Orð eru álög

Fimmtudaginn 7. apríl

Fyrirlesari: Sigríður Klingenberg


Fyrirlesturinn er byggður er á samnefndri bók þar sem þátttakendur læra að tengja sig sálinni, ná betri tökum á lífi sínu og finna leiðina að hamingjunni. Fyrirlesturinn er leiðarvísir að lífsgleði þar sem Sigríður kennir hvernig orð okkar, hugsanir og viðbrögð geta skipt sköpum. Farið verður einnig út í drauma sem eru skilaboð sálarinnar og kenndar aðferðir til að skilja þá og túlka.

Takmarkalaust líf

Fimmtudaginn 5. maí

Fyrirlesari: Ásgeir Jónsson íþróttamaður

Í fyrirlestrinum verður fjallað um það hvernig við getum sjálf stjórnað hamingjunni með því horfa til möguleikanna í stað þess að einblína á hamlanir og takmörkun á getu. Ásgeir er afreksmaður í íþróttum og hefur sjálfur tekist á við marga fjallstinda bæði, í raunveruleikanum og huglæga. Hann hefur látið drauma sína rætast á mörgum sviðum, klifið 3 fjöll af 7 sem teljast hæstu fjöll hverrar heimsálfu, klárað IronMan, hlaupið maraþon, lokið meistaranámi, skipstjóranámi og margt fleira. Ásgeir telur að okkur séu engin takmörk sett, heldur setjum við þau sjálf. Með jákvæðu hugarfari og framkvæmd eru okkur allir vegir færir.



Nýtt námskeið fyrir trúnaðarmenn

Velliðan í vinnu og leik

23. mars kl. 8:30-12:00

Leiðbeinandi: Pétur Guðjónsson

Markmið námskeiðsins er að kynna leiðir til að láta sér líða vel í vinnunni og lífinu almennt þrátt fyrir erfiðar ytri kringumstæður. Einnig er lögð áhersla á að auka bjartsýni þátttakenda og hjálpa þeim að taka stjórnina á eigin lífi og líðan.

Skráning á námskeið er á „Mínum síðum“ eða í þjónustuveri VR í síma 510-1700.



„Aðgát skal höfð í nærveru sálar“

Einar Benediktsson



Jákvætt hugarfar bætir lífsgæði okkar allra.

Sjaldan eða aldrei hefur verið mikilvægara að hafa jákvæðni að leiðarljósi. Rannsóknir sýna að fólk sem er jákvætt sér fleiri möguleika og tækifæri, er opnara fyrir nýjungum og sköpunargleði þess eykst. Með því að vera jákvæð náum við betri árangri í starfi, aukum andlega vellíðan og eflum starfsánægju okkar og þeirra sem við störfum með. Verum jákvæð.

Krossgátan

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
1	41														19
2	62			REIER BE BEITA				37							
3	EINS							21		FARA FINN UM BÚ				68	
4	26			40					STÓRM KAST VÍRF ILL		5				
5	6							64							
6	51		53	48	FEIR AM- LÖBY				50			KONNA DÝNA			44
7	67			FURU A			13			36					
8	12		FÖRM AFAR DÖRUB								ANDAR LST MÖPU				17
9	69		7					TÖMUR BLUÐ LÖG			10				
10	32	LONA SAMH			27	BRUN OK KONNA		63		58					71
11	15		66											MISK UMN	
12	23			UPPIK NEVNA GUMN NEVNA											4
13	34	ÖMGA LÖFLA GILB KST	20		HAG TRAKKA LASTA		72				345 D DUGU DUGU NA				
14	46		46		29	EFF MAYR UNNA REYR				25				ÞÖGG KONNA	
15	2				57					35				MJÖG FALL EGT	56
16	39				77									70	
17	21		YOUNG DLEGA LARFA							18					
18	14				14			24	REIURT SKUPT VIR						43
19	55														38
20	39				9			65				HÖJÖN SOLLIN OFFA			
21	33								47		60				8
22	31					VEFA SEAT. SPOR			45						54
23	30	TÖNN KREIUR SAMH						3							
24						SMA KENT									42
25	11		52						28						



Verðlauna- krossgáta kr. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er vísan:

*Hæðnisbros um brekku fór
og berjalyngið
er þóttist vera karlakór
krummapingið*

Vinningshafi krossgátunnar í febrúar-
blaðinu er **Bylgja Björk Guðjónsdóttir**. Hún
vinnur við bókhald og fleira hjá Steppi ehf.
í Ármúla og Senu efh. í Skeifunni. Aðspurð
segist hún hafa helst áhuga á kórsöng
og hefur sungið með Árnesingakórnum
undanfarinn áratug. Við óskum henni
innilega til hamingju með verðlaunin.


Í þessari krossgátu er vísa á reitunum
1-72, þar er minnst á ákveðna tegund af
áfengi. Síðasti skiladagur lausna er 20. apríl
nk. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og
skrifíð „krossgáta“ utan á umslagíð.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunar-
innar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er
hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is



Virðing og réttlæti í 120 ár

Allt frá stofnun VR árið 1891 höfum við haft að leiðarljósi að standa vörð um réttindi félagsmanna. Fögnum 120 ára afmæli VR og höldum ótrauð áfram.



Kosningar 2011



**Nú göngum við til kosninga.
Láttu þig málið varða,
VR er félag okkar allra.**

Allsherjaratkvæðagreiðsla VR til formanns og stjórnar hefst 16. mars nk. og stendur til hádegis 30. mars nk. Nýttu atkvæðisrétt þinn og hafðu áhrif.

Öll atkvæði hafa sama vægi. Þú finnur allar nánari upplýsingar á www.vr.is.